V.L.F. HÚF

HJÁLMUR

FRÉTTABLAÐ

2. tbl. Desember 2008 97. árg.

Hann kom....

Hann kom hér í heiminn
frá himnanna rann.
Hann kom til að náða
hinn synduga mann.
Hann kom til að opna
hið himneska hlið.
Hann kom til að blessa
og boða okkur frið.

Hann kom til að hugga
og þerra hvert tár.
Hann kom til að líkna
og lækna öll sár.
Hann kom til að vera
þinn skjöldur og hlíf.
Hann kom til að deyja
svo ættirðu líf.

Hann kom til að hrekja burt
heimskunnar mátt.
Hann kom til að boða þér
himneska sátt.
Hann kom til þín maður
í kærleikans mynd.
Hann kom til að afplána
sekt þína og synd.

Hann kom hingað til þín
frá himnanna stól.
Hann kom til að veita þér
syndugum skjól.
Hann kom til að frelsa þig
helfjötrum frá.
Hann kom til að fórna sér
krossinum á.

S.T.S

Óskum félagsmönnum Hlífar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs

Hann á afmæli í dag!



Afmælisgjöfin er 11% tekjuskerðing

Laun öryrkjans fyrir og eftir 67 ára aldur

Félagsmálaráðherra

Þegar öryrki, sem bundinn er við hjólastól, varð 67 ára í október sl. varð hann allt í einu ekki lengur öryrki í augum stjórnvalda heldur ellilífeyrisþegi. Við þá nafnbreytingu, sem síður en svo bætti heilsu hans, lækkuðu greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins úr kr. 123.695 í október í kr. 110.186 í nóvember, sem er lækkun um kr. 13.509. Það er lítið gaman fyrir láglaunaðan öryrkja að eiga afmæli þegar stjórnvöld nota tækifærið og gefa honum umtalsverða tekjuskerðingu í afmælisgjöf.

Örorka

Örorkulífeyrir..	kr.	26.728
Örorkuuppbót..	kr.	2.673
Tekjutrygging..	kr.	84.414
Bensínstyrkur..	kr.	9.880
Samtals	**kr.**	**123.695**
Skattur	kr.	15.595
Til útborgunar	**kr.**	**108.100**

Ellilífeyrir

Ellilífeyrir	kr.	26.728
Örorkuuppbót	kr.	0
Tekjutrygging	kr.	73.578
Bensínstyrkur	kr.	9.880
Samtals	**kr.**	**110.186**
Skattur	kr.	10.770
Til útborgunar	**kr.**	**99.416**

En sagan er ekki öll sögð því þrátt fyrir þessa kjararýrnun þá finnst ríkinu að öryrkinn, sem nú er orðinn ellilífeyrisþegi, fái allt of háar bætur. Þess vegna er leitað til Árna Mathiesen, fjármálaráðherra, sem leggur 35,72% skatt á bæturnar, en það er samskonar skattur og lagður er ráðherralaunin hennar Jóhönnu Sigurðardóttur, félagsmálaráðherra og Geir Haarde, forsætisráðherra.

Til að öllu sé haldið til haga þá fær öryrkinn um 22 þúsund krónur á mánuði greiddar úr lífeyrissjóði. Þetta finnst stjórnvöldum ofrausn og þess vegna er aftur leitað til Árna Mathiesen, fjármálaráðherra, sem skattleggur upphæðina um tæpar 8 þúsund krónur þannig að eftir verða einungis 14 þúsund. Samtals eru mánaðarlaun öryrkjans eftir skatt því vel innan við 114 þúsund krónur á mánuði sem verður að duga honum fyrir öllum hans þörfum. Hann getur ekki eins og ráðherrarnir fengið meiri peninga ef það sem honum er skammtað á fjárlögum dugar ekki.

ALMENNIR KJARASAMNINGAR

Veikindi barna og leyfi af óviðráðanlegum ástæðum

Á fyrsta starfsári hjá sama vinnuveitanda skal foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð, þangað til rétturinn verður 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili, til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annari umönnun ekki við komið, og halda þá dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við.

Með vísan til reglna um greiðslur vegna veikinda barna, er það sameiginlegur skilningur aðila, að með foreldri sé einnig átt við fósturforeldri eða forráðamann, sem er framfærandi barns og komi þá í stað foreldris.

Starfsmaður á rétt á leyfi frá störfum þegar um óviðráðanlegar (force majeure) og brýnar fjölskylduástæður er að ræða vegna sjúkdóms eða slyss sem krefjast tafarlausrar nærveru starfsmanns.
Starfsmaður á ekki rétt á launum frá atvinnurekanda í framangreindum tilfellum, sbr. þó ákvæði 1. málsgreinar.

Trúnaðarráð verkalýðsfélaganna hjá ÍSAL

Á fundi í Trúnaðarráði verkalýðsfélaganna í Straumsvík sem haldinn var 10. september sl. var rætt um kjaramál, m.a. kröfur verkalýðsfélaganna í komandi samningagerð, en gildandi kjarasamningur rennur út 30. nóvember 2008.

Iðgjöld til lífeyrissjóðanna – tapast þau og hver er staða lífeyrissjóðanna ?

Almennu lífeyrissjóðirnir

Íslenskt launafólk er þeirrar gæfu aðnjótandi, að eiga og reka eitt öflugasta lífeyrissjóðakerfi heims. Samkvæmt lögum ber okkur að greiða til lífeyrisjóðanna a.m.k. 4% af launum gegn 8% mótframlagi atvinnurekanda eða alls 12%. Semja má um hærra mótframlag í kjarasamningum. Þessi framlög renna til samtryggingar. Fjölmargir greiða einnig viðbótarlífeyrissparnað 2-4% gegn 2% mótframlagi atvinnurekanda. Vegna þeirra efnahagsörðugleika sem á hafa dunið er fyrirsjáanlegt að lífeyrissjóðir landsmanna munu rýrna og margir spyrja sig hvað verði um þau iðgjöld sem þessa dagana er verið að innheimta til lífeyrissjóðanna og hver sé staða lífeyrissjóðanna almennt.

Iðgjöld til viðbótarlífeyrissparnaðar

Samkvæmt upplýsingum lífeyrissjóðanna, er öllum innborgunum sem berast til lífeyrissjóða vegna viðbótarlífeyrissparnaðarins eftir að fjármálamarkaðir lokuðu í byrjun október 2008 ráðstafað með öruggum hætti og þannig að ávöxtun þeirra er tryggð m.a. þannig að þau njóti verndar skv. lögum nr. 98/1999 um innistæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta sbr. og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6.10 2008. Þessi nýju iðgjöld munu því ekki sæta lækkun af völdum yfirstandandi efnahagsþrenginga. Það launafólk sem gert hefur samninga um viðbótarlífeyrissparnað þarf því ekki að óttast um afdregin ný iðgjöld.

Lögbundin iðgjöld til lífeyrissjóða

Öllum nýjum iðgjöldum til samtryggingar er ráðstafað í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða en þar segir að ávaxta skuli fé sjóðanna með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Þessi iðgjöld skapa ekki réttindi með sama hætti og iðgjöld til viðbótarlífeyrissparnaðar, sem er séreign einstaklingsins. Í samtryggingunni eru allir fyrir einn og einn fyrir alla. Lífeyrissjóðir landsmanna munu því taka á sig og dreifa á milli sjóðfélaga sinna, því áfalli sem kann að verða vegna efnahagsþrenginganna en innborguð ný iðgjöld munu stuðla að því að styrkja lífeyrissréttindi allra sjóðfélaga til lengri tíma. Tryggingafræðileg staða sjóðanna verður reiknuð út í byrjun næsta árs með hliðsjón af stöðu sjóðanna um næstu áramót.

Staða lífeyrissjóðanna og skerðing réttinda

Viðbótarlífeyrissparnaður

Hvað varðar uppsafnaðan viðbótarlífeyrissparnað, þá gaf forsætisráðherra þá yfirlýsingu þann 6.10 2008, að hann yrði varinn. Efni þessarar yfirlýsingar hefur ekki verið lögfest og því erfitt að átta sig á því við hvað nákvæmlega var átt, því séreignasparnaður landsmanna er af ýmsum toga og ávaxtaðir með ýmsum hætti, t.d. í erlendum og innlendum hlutabréfum og skuldabréfasjóðum. Í síðari yfirlýsingum hefur verið úr þessari afdráttarlausu yfirlýsingu dregið. Í neyðarlögunum nr. 125/2008 er að finna sérstakt ákvæði um *innistæður* ýmissa séreignasjóða og lífeyrissjóða hjá banka eða sparisjóði. Samkvæmt neyðarlögunum eru þær tryggðar í Tryggingasjóði skv. lögum nr. 98/1999 um innistæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, þrátt fyrir að vörsluaðili eða rekstrarfélag slíkra sjóða sé viðkomandi banki eða sparisjóður. Þetta bætir stöðu séreignasparnaðarins nokkuð en líklegt er að hann muni skerðast eitthvað.

Sumt af viðbótarlífeyrissparnaði landsmanna er síðan tryggt á sérstökum innlánsreikningum (lífeyrisbókum) og ljóst að sá sparnaður mun varinn að fullu af Tryggingasjóði og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6.10 2008 eins og aðrar inneignir í bankakerfinu. Loks mun viðbótarlífeyrissparnaður varðveittur og ávaxtaður með sama hætti og eignasafn viðkomandi samtryggingarlífeyrissjóðs og mun sá sparnaður því fylgja ávöxtun hans og er ekki tryggður í Tryggingasjóði. Hins vegar munu ný iðgjöld ekki sæta skerðingu sbr. hér að ofan.

Lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði.

Þrátt fyrir að einhver skerðing lífeyrisréttinda virðist nú vera óumflýjanleg ber að hafa í huga að staða lífeyrissjóðanna er mjög sterk og ávöxtun þeirra undanfarin ár hefur verið mikil og miðað við svartsýnustu spár verður staða þeirra eftir skerðingu ekki lakari en hún var um mitt ár 2005.

Í lok ágúst 2008 var staða þeirra þannig að um 9% af heildareignum lífeyrissjóðanna var í innlendum hlutabréfum, um 10% í fyrirtækjabréfum, um 8% í skuldabréfum banka og um 9% í verðbréfasjóðum. Þetta eru um 36% af heildareignum sjóðanna og ekki er að fullu ljóst hve mikið þessar eignir munu rýrna. Aðrar eignir sjóðanna munu vera vel tryggðar. Að teknu tilliti til þess að fjárfestingar lífeyrissjóðanna eru ekki allar eins samsettar og að ekki eru komnar fram allar ráðstafanir stjórnvalda, gæti komið til þess að eignarýrnun yrði á bilinu 10-25%. Það þýðir hins vegar ekki að lífeyrir muni lækka um þetta sama hlutfall og raunar er ljóst að hann mun lækka talsvert og mun minna. Hver lækkunin endanlega verður ræðst m.a. af aldurssamsetningu sjóðfélaga og hve mikið af ávöxtun undanfarinna ára hefur verið tekin inn í hækkun lífeyrisréttinda. Sú lækkun kemur þó aldrei til framkvæmda fyrr en á fyrstu mánuðum næsta árs. Hafa ber einnig í huga að lækkun lífeyris frá lífeyrissjóðum getur í mörgum tilvikum hækkað bætur almannatrygginga.

SKRIFSTOFA VERKALÝÐSFÉLAGS HLÍFAR
Reykjavíkurvegi 64

OPNUNARTÍMI:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 09:00 til 16:30
Sími: 5550944
Fax: 565 4055

Útgefandi: Verkalýðsfélagið Hlíf
Ábyrgðarmaður:
Sigurður T. Sigurðsson
Hönnun: Betri Stofan s. 5114545
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Hlíf átti 7 fulltrúa á ársfundi ASÍ sem haldinn var 23. og 24. október 2008

Úr ályktun ársfundar ASÍ um aðgerðir til að endurheimta fjármálastöðugleika og auka trúverðugleika

Brýnasta verkefnið í stjórn efnahagsmála er að treysta atvinnu og koma í veg fyrir að eignir heimila og fyrirtækja brenni upp í háum vöxtum og verðbólgu vegna veikingar krónunnar. Þetta verður aðeins gert með því að styrkja gengi íslensku krónunnar eins hratt og frekast er unnt til þess að koma í veg fyrir að núverandi veiking hennar leiði til óðaverðbólgu. Af sömu ástæðu er afar mikilvægt að lækka vexti eins hratt og mögulegt er. Alþýðusambandið telur að eina færa leiðin til að ná þessum markmiðum séu ákvarðanir stjórnvalda, í samstarfi við aðila vinnumarkaðar, sem aukið geti trúverðugleika og ímynd okkar og sannfært fjármálamarkaði um að Ísland geti og muni komast á lygnan sjó aftur á næstu 2-4 árum. Í þessu sambandi telur ASÍ að eftirfarandi geti skipt sköpum:

Í fyrsta lagi styður ASÍ umsókn stjórnvalda um aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í formi lánafyrirgreiðslu og ráðgjafar um mótun nýrrar efnahagsstefnu til næstu ára, enda verði skilmálar sjóðsins ásættanlegir fyrir þjóðina. Slík aðgerð legði grunn að auknum trúverðugleika Íslands, því hún gerði öðrum aðildarríkjum sjóðsins kleift að veita okkur lánafyrirgreiðslu samhliða sjóðnum. Með þessu móti myndi gjaldeyrisvarasjóðurinn stækka verulega og þannig tryggja Íslandi nauðsynlegan aðgang að erlendu lánsfé. Það ætti að gera okkur kleift að ná meiri gengisfestu til skemmri tíma litið.

Í öðru lagi telur Alþýðusamband Íslands afar mikilvægt að stjórnvöld fylgi lánafyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir með því að tryggja stöðugan gjaldmiðil til framtíðar. Það er skoðun ASÍ að yfirlýsing um að sótt verði um aðild Íslands að ESB og upptöku evru sé eina færa leiðin. Þannig verði látið á það reyna í aðildarviðræðum hvaða samningur Íslandi standi til boða og hann lagður fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu. ASÍ telur að yfirlýsing um að stefnt verði að aðild að evrópska myntsamstarfinu (ERM II) á næstu 2 árum myndi leggja mikilvægan grunn að því að hægt yrði í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að skapa nauðsynlegan trúverðugleika fyrir meiri festu í skráningu krónunnar á næstu árum þangað til full aðild að Evrópska peningamálasamstarfinu (EMU) og upptaka evrunnar næðist.

Í þriðja lagi telja samtökin mikilvægt að framlengja kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og gera samkomulag við samtök opinberra starfsmanna um sameiginlega launastefnu, þar sem öllu launafólki verði tryggðar sambærilegar launahækkanir bæði á þessu ári og á næstu tveimur árum. Jafnframt verði unnið að því að innleiða nýjan staðal um launajafnrétti kynjanna og að öðrum verkefnum á sviði jafnréttismála. Slíkt er mikilvægt framlag til þess að treysta stöðu þeirra tekjulægstu samfara því að skapa aukið félagslegt og efnahagslegt öryggi og stöðugleika næstu árin. Það myndi auk þess skapa frið á vinnumarkaði og slá á verðbólguvæntingar.

"Fundurinn telur það lýsa eindæma fjandskap í garð verkafólks ef stjórnvöld verða ekki á þessu kjörtímabili við þeirri sjálfsögðu kröfu að hætta skattlagningu lægstu launa."

Jöfnum lífskjörin

Á undanförnum árum hefur Verkalýðsfélagið Hlíf barist fyrir hækkun skattleysismarka. Rök Hlífarmanna fyrir þeirri hækkun er sú nöturlega staðreynd að lægstu laun verkafólks dugi ekki fyrir eðlilegri framfærslu og slík laun eigi ekki að skattleggja. Einnig hefur félagið lagt mikla áherslu á jöfnun lífeyrisréttinda en verkafólk á almennum vinnumarkaði er með tugi prósenta lélegri réttindi heldur en t.d. ríkisstarfsmenn.

Á aðalfundi Hlífar sem haldinn var 22. apríl sl. flutti Sigurður T. Sigurðsson, eftirfarandi ályktanir sem fundurinn samþykkti einróma:

Aðalfundur Verkalýðsfélagsins Hlífar krefst þess að skattleysismörk, sem nú eru rúmlega 95 þúsund krónur á mánuði, hækki og verði a.m.k. jafnhá þeirri lágmarkstekjutryggingu sem Starfsgreinasambands Íslands og Samtök atvinnulífsins semja um hverju sinni. Þessi laun eru nú 145 þúsund krónur á mánuði. Að skattleggja slík laun er bæði Alþingi og ríkisstjórninni til skammar. Þingmenn, sem eru með 550 þúsund króna mánaðarlaun auk allskonar styrkja, hlunninda og bitlinga upp á hundruð þúsunda króna mánaðarlega, virðast margir hverjir ekki gera sér grein fyrir því að slík laun duga hvergi nærri fyrir eðlilegri framfærslu einstaklings.
Það er öllum ljóst, nema þá helst stjórnvöldum, að gróði og uppgangur í íslensku efnahagslífi hefur ekki farið til láglaunafólksins í landinu. Hinsvegar hefur verðbólga, okurvextir og vöruverðshækkanir ekki farið fram hjá heimilunum, sem mörg hver eru nær gjaldþroti eða nú þegar orðin gjaldþrota. Stjórnvöld ættu að sjá sóma sinn í því að bæta bágan hag þessa fólks í stað þess að leggja skatt á laun sem varla duga fyrir leigu á tveggja herbergja íbúð.
Fundurinn telur það lýsa eindæma fjandskap í garð verkafólks ef stjórnvöld verða ekki á þessu kjörtímabili við þeirri sjálfsögðu kröfu að hætta skattlagningu lægstu launa. Á árunum 2003 til 2006 þótti stjórnvöldum ástæða til að fella niður 7% tekjuskatt af ofurlaunum hátekjufólks. Nú hlýtur að vera komið að því að fella niður skatta af launum sem duga ekki fyrir eðlilegri framfærslu. Vilji er allt sem þarf.

Seinni ályktunin er sem eftirfarandi:
Aðalfundur Verkalýðsfélagsins Hlífar 22. apríl 2008 bendir stjórnvöldum á þann óeðlilega mun sem er á innvinnslu lífeyrisréttinda launafólks. Fundurinn telur það alls óviðunandi að þeir sem starfa á almennum vinnumarkaði ávinni sér að jafnaði um 30% lakari lífeyrisréttindi heldur en þeir sem vinna hjá ríki eða sveitarfélögum. Þessi mikli og ósanngjarni munur felst í því að ríki og sveitarfélög greiða 11,5% mótframlag í lífeyrisgreiðslur en atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði einungis 8%. Það er óþolandi að fólk á almennum vinnumarkaði, sem heldur þjóðfélaginu uppi með vinnu sinni við framleiðslu- og þjónustustörf, búi við allt önnur og lakari lífeyriskjör en þeir sem vinna hjá ríki og bæ.
Fundurinn telur að alþingismenn og ráðherrar, sem sjálfir njóta sérsniðinna lífeyrisréttinda langt umfram almenna markaðinn, verði hið fyrsta að hrista af sér doðann og leiðrétta þetta hrópandi misræmi."

ALMENNIR KJARASAMNINGAR

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 stundir á viku), skulu vera sem hér segir fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sama fyrirtæki:
1. febrúar 2008 kr. 145.000 á mánuði.
1. mars 2009 kr. 157.000 á mánuði.
1. janúar 2010 kr. 165.000 á mánuði.
Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum tekjum, en til launa í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar bónus-, álags- og aukagreiðslur, sem falla til innan ofangreinds vinnutíma.
Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

Aukin lífeyrisréttindi verkafólks

Ályktun ársfundar Alþýðusambands Íslands 2008 um jöfnun og samræmingu lífeyrisréttinda

Ársfundur Alþýðusambands Íslands krefst þess að lífeyrisréttindi alls vinnandi fólks á Íslandi verði samræmd og jöfnuð, án skerðingar fyrir almennt launafólk. Með því verði eytt þeirri mismunun sem viðgengist hefur þegar borin eru saman lífeyriskjör launafólks sem aðild á að lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ á almennum vinnumarkaði og hjá ríki og sveitarfélögum, þar á meðal hvað varðar aukin og óskert lífeyrisréttindi sem ráðherrar og alþingismenn skömmtuðu sér í desember 2003.

Ársfundur Alþýðusambands Íslands telur að samfélag okkar geti ekki farið í gegnum þá erfiðleika sem nú er tekist á við, öðruvísi en með sátt sem m.a. feli í sér afnám þessarar áralöngu og vaxandi mismununar sem vegna þessara sömu erfiðleika mun aukast.

Ársfundur Alþýðusambands Íslands vekur athygli á því, að vegna þeirra neyðarlaga sem sett voru vegna fjármálakreppunnar í byrjun október, falls bankanna, samdráttar og yfirvofandi gjaldþrota fyrirtækja hafa lífeyrissjóðir landsmanna tapað hluta eigna sinna. Í kjölfarið munu lífeyrisréttindi í almennu lífeyrissjóðunum verða skert. Hins vegar munu lífeyrisréttindi í opinberu sjóðunum ekki verða skert og ríkis- og sveitarsjóðir skv. gildandi lögum leggja sjóðunum það fé sem til þarf til þess að standa undir óskertum réttindum. Á þennan hátt er launafólki á almennum vinnumarkaði gert að taka á sig með tvöföldum þunga, það tap sem allir lífeyrissjóðir landsmanna verða nú fyrir. Sáttar er þörf í íslensku samfélagi til þess að koma þjóðinni í gegnum þær þrengingar sem nú blasa við. Þeirri sátt verður ekki náð án þess að afnema þá mismunun sem landsmenn búa við í lífeyrismálum sínum.

ALMENNIR KJARASAMNINGAR

Fast vikukaup

Hafi starfsmaður unnið hjá sama vinnuveitanda eða í sömu starfsgrein samfellt í einn mánuð eða lengur skal honum greitt óskert vikukaup þannig að samningsbundnir frídagar sem falla á mánudaga til og með föstudaga séu greiddir.

Með samfelldri eins mánaðar vinnu er átt við að starfsmaður hafi unnið hjá sama vinnuveitanda eða í sömu starfsgrein fulla dagvinnu í einn mánuð, enda jafngildi fjarvistir vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla eða verkbanna fullri vinnu. Sama gildir um daga, sem falla úr t.d. í fiskvinnu og hafnarvinnu vegna hráefnisskorts eða sambærilegra orsaka.

Það jafngildir samfelldri vinnu ef unnið hefur verið í árstíðabundinni vinnu samtals einn mánuð hjá sama vinnuveitanda á undanförnum tveimur árum.

Þegar starfsmaður hefur samkvæmt framanskráðum ákvæðum öðlast rétt til óskerts vikukaups, skal skylt að greiða honum kaup fyrir þá virka daga, sem vinna fellur niður, sbr. þó 3. gr. laga nr. 19/1979 og 18. kafla þessa samnings.

Við aðstoðum þig í námi!

Félagsmenn í Eflingu, Hlíf, Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur sem og fyrirtæki geta sótt um styrk til starfstengds náms og námskeiða.

www.starfsafl.is

Stuðningur við atvinnulífið.

Check our web page for grants for job-related courses.

starfsafl

starfsmennt samtaka atvinnulífsins og flóabandalagsins

Hlíf, Starfsafl og NH í samstarf um námskeið

Sveinn Aðalsteinsson, forstöðumaður Starfsafls

Verkalýðsfélagið Hlíf, Starfsafl fræðslusjóður og Námsflokkar Hafnarfjarðar - miðstöð símenntunar eru að undirbúa átak í fræðslu fyrir félagsmenn Hlífar sem miðar að því að styrkja stöðu starfsfólks á vinnumarkaði. Námsflokkar Hafnarfjarðar hafa mikla reynslu í námskeiðshaldi fyrir fólk sem vill styrkja stöðu sína og tóku þátt í Evrópuverkefni um svipað efni á árunum 2005-2007. Þá var boðið upp á 90 kennslustunda námskeið fyrir fólk í atvinnuleit eða vildi styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.
Það þarf ekki að fara mörgum orðum um ástandið á vinnumarkaði í dag, það er vægast sagt ótryggt í mörgum atvinnugreinum. Sérstaklega hafa byggingagreinar farið mjög illa út úr samdrættinum og skorti á lánsfé. Fleiri atvinnugreinar standa höllum fæti og mörg fyrirtæki búa við rekstrarerfiðleika. Þegar svo er komið verða starfsmenn að huga að möguleikum sínum á vinnumarkaði. Hvað kann ég, hvað get ég og hvar get ég bætt við mig? Þetta eru dæmi um spurningar sem allir ættu að spyrja sig og leita viðeigandi lausna.
Fyrirhuguð námskeið verða stutt og hnitmiðuð og miðast við eitt til tvö kvöld með möguleika á framhaldsnámskeiðum fyrir þá sem þess óska. Farið verður yfir hvernig hægt er að kortleggja færni viðkomandi þannig að hann/hún geti á auðveldan hátt gefið yfirlit um hæfileika sína á vinnumarkaði. Markmið námskeiðsins er að starfsmaður geti búið til einfalda færnimöppu fyrir sjálfan sig sem síðan er hægt að bæta og breyta. Einnig verður farið yfir grunnatriði í fjármálum heimila og einstaklinga og nokkur grunnatriði í í sjálfsstyrkingu. Boðið verður upp á framhald í öllum þessum atriðum fyrir þá sem óska.

Námskeiðin verða auglýst sérstaklega og verða öllum opin. Félagsmenn Hlífar geta sótt um einstaklingsstyrk hjá Starfsafli í gegnum félagið en Starfsafl er fræðslusjóður Flóabandalagsins og Samtaka atvinnulífsins. Starfsafl styrkir félagsmenn með 75% námskostnaðar. Hugsanlegt er einnig að Hlíf bjóði félagsmönnum sínum upp á þessa fræðslu á vegum félagsins og er það í skoðun þessa dagana. Nánari upplýsingar verða veittar á heimasíðu félagsins og heimasíðu Starfsafls, mjög fljótlega og vonandi núna í lok nóvember.
Við hvetjum alla til að sækja þessi námskeið og standa vel undirbúnir fyrir sveiflum á vinnumarkaði.

Jöfnun lífeyrisréttinda

Jöfn innvinnsla lífeyris hefur verið eitt af helstu baráttumálum Hlífar í mörg ár, en eins og allir vita er mótframlag atvinnurekenda á almennum vinnumarkaði aðeins 8% meðan ríki og sveitarfélögum greiða 11,5%. Því miður hefur ekki verið samstaða innan ASÍ um að leggja áherslu á þetta brýna mál og það er fyrst núna á þessu ári sem félögin sameinast um að knýja á atvinnurekendur og ríkisvald að jafna þennan óeðlilega mismun. Eftirfarandi er ein af mörgum tillögum sem stjórn Hlífar hefur samþykkt um þetta mál á undanförnum árum.

"Fundur í stjórn Verkalýðsfélagsins Hlífar 19. desember 2007, bendir stjórnvöldum á þann óeðlilega mismun sem er á lífeyrisréttindum launafólks og telur það óviðunandi að þeir sem starfa á almennum vinnumarkaði ávinni sér að jafnaði um 30% lakari lífeyrisréttindi en þeir sem vinna hjá opinberum aðilum. Þessi munur fellst í því að ríki og sveitarfélög greiða 11,5% mótframlag í lífeyrisgreiðslur en atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði einungis 8% mótframlag. Ójöfnuður á lífeyri til eldra fólks og öryrkja er okkur öllum til skammar og skorar fundurinn á ríkisstjórnina að hafa forgöngu um að leiðrétta þetta misræmi sem allra fyrst."

Hærri persónuafsláttur

Til þess að liðka fyrir gerð síðustu kjarasamninga á almennum vinnumarkaði lofuðu stjórnvöld að hækka persónuafsláttinn verulega. Þegar til kom var þessi hækkun þeirra aðeins 7 þúsund krónur á næstu þremur árum, sem þýðir að skattleysismörkin hækka óverulega miðað við það sem nauðsynlegt er svo láglaunafólk og fjöldi elli- og örorkulífeyrisþega svelti ekki.

Loforð stjórnvalda

Persónuaflsáttur hækkar um 7 þúsund krónur á þremur árum umfram verðlagsbreytingar. Það þýðir að skattleysismörk hækka úr rúmum 95 þúsund krónum á árinu 2008 í 115 þúsund árið 2011, á föstu verðlagi. Til viðbótar hækka skattleysismörk í samræmi við verðbólgu.

Það sem vantar.....

Persónuafsláttur verður að hækka um 14 þús. krónur á árinu 2009 umfram breytingar á verðlagi ef láglaunafólk á að geta framfleytt sér á eðlilegan hátt. Það þýddi að skattleysismörk hækkuðu í 135 þúsund á árinu 2009, auk hækkana sem verðbólga veldur.

Stjórnvöld vilja hækka persónuafslátt um 7 þúsund krónur á næstu þremur árum umfram verðlagsbreytingar. Þetta framlag er helmingi of lágt miðað við þarfir láglaunafólks.

Starfsmenn að störfum við að setja upp jólaljósin

1908 2008
Hafnarfjörður hundrað ára

Húsið Vesturgata 32 var áður "Bungalow"

Það var fyrirtækið Bookless Bros. Ltd. í Aberdeen í Skotlandi sem lét reisa "Bongalowið" við Vesturgötu árið 1918. Bræðurnir Harry og Douglas Bookless voru eigendur fyrirtækisins en það hafði rekið umfangsmikla útgerð og fiskverkun í Hafnarfirði frá árinu 1910. Douglas lét reisa húsið sem íbúðarhús fyrir sig og þar bjó hann þegar hann dvaldi hér á landi. Í kjölfar mikils verðfalls á fiski 1920 varð fyrirtækið gjaldþrota tveimur árum síðar og eignaðist þá Landsbanki Íslands húsið.

Árið 1924 keypti enska útgerðarfyrirtækið Hellyer Bros. Ltd. í Hull fasteignirnar og stundaði útgerð frá Hafnarfirði næstu fimm árin eða til ársins 1929. Bjó þá Geir Zoega ásamt fjölskyldu sinni í húsinu, en hann var umboðsmaður fyrirtækisins.

Eftir að Hellyer Bros. Ltd. hætti starfsemi hér á landi bjó Geir áfram í húsinu og starfaði sem umboðsmaður enskra útgerða. Árið 1952 keyptu þau Guðrún Guðmundsdóttir og Ásgeir Júlíusson húsið en 2001 eignaðist Hafnarfjarðarbær það.

Fyrri hluta árs 2008 lét bærinn gera húsið upp í sinni upprunalegu mynd og verður það notað sem hluti af sýningaraðstöðu Byggðasafns Hafnarfjarðar þar sem megin áhersla verður lögð á tímabil erlendu útgerðarinnar á fyrri hluta 20. aldar. Auk þess verður þar aðstaða fyrir móttökur á vegum Hafnarfjarðarbæjar.

ALMENNIR KJARASAMNINGAR

Orlof

Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllu kaupi, hvort sem er fyrir dagvinnu eða yfirvinnu.

Starfsmaður sem unnið hefur 5 ár í sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein skal eiga rétt á orlofi í 25 daga og orlofslaunum sem nema 10,64%. Með sama hætti öðlast starfsmaður sem unnið hefur 10 ár hjá sama fyrirtæki 29 daga orlofsrétt og 12,55% orlofslaun. (Réttur þessi tekur gildi 1. maí 2008 þannig að hærri orlofsprósenta er greidd frá þeim tíma en dagurinn kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2008). Hinn 1. maí 2010 lengist réttturinn eftir 10 ára starf í sama fyrirtæki í 30 daga og orlofslaun verða 13,04%.

Starfsmaður sem hefur fengið aukinn orlofsrétt vegna starfa í sama fyrirtæki öðlast hann að nýju eftir 3 ár hjá nýjum atvinnurekanda, enda hafi rétturinn verið staðreyndur.

Sumarorlof er fjórar vikur, 20 virkir dagar, sem veita ber á tímabilinu 2. maí - 30. september. Orlof umfram það má veita utan þessa tímabils og ákvarðast með minnst eins mánaðar fyrirvara. Þeir sem að ósk atvinnurekanda fá ekki 20 orlofsdaga á sumarorlofstímabili eiga rétt á 25% álagi á það sem á vantar 20 dagana.

Stéttarfélögum er heimilt að semja um þá framkvæmd við einstaka launagreiðendur, að orlofslaun séu jafnharðan greidd á sérstaka orlofsreikninga launþega í banka eða sparisjóði. Skal í slíkum samningi tryggt að sá aðili, sem tekur að sér vörslu orlofslauna, greiði launþega áunnin orlofslaun, þ.e. höfuðstól og vexti, við upphaf orlofstöku. Skylt er að afhenda félagsmálaráðuneytinu þegar í stað eintak af slíkum samningi og tilkynna um slit hans.*

Um orlof fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um orlof á hverjum tíma.

Við andlát starfsmanns skal áunnið orlof hans greitt til dánarbús hans með innborgun á launareikning eða með öðrum hætti.



Aukin skattbyrði láglaunafólks

Taflan sýnir þróun lægstu launa frá 1988 og skattheimtu ríkisins af þeim. Þar sést hvernig aukin skattheimta tekur sífellt stærri toll af tekjum láglaunafólks. Til að byrja með héldust skattleysismörk og lægstu laun nokkurn veginn í hendur en smá saman jókst skattheimtan og nú á þessu ári er svo komið að einungis 65% lægstu launa eru skattlaus en hinn hluti inn skattlagður með sömu skattprósentu og reiknuð er á ráðherralaun og þaðan af hærri tekjur. Af 145 þúsund króna mánaðartekjum þarf láglaunafólk að greiða tæplega 22 þúsund í skatta og skyldur þannig, að útborguð laun eru um 123 þúsund krónur. Í tengslum við gerð síðustu kjarasamninga ákvað ríkisstjórnin að hækka skattleysismörkin um kr. 7.000 á þremur árum. Þrátt fyrir brýna nauðsyn þess að fá hækkunina strax er hluti hennar látinn bíða allt upp í þrjú ár. Þetta sýnir hug stjórnvalda til láglaunafólks og þá ófyrirleitni sem þau sýna þeim sem eru á lægstu launum. Ítrekaðar íhlutanir á skattleysismörkunum valda því að þau eru nú aðeins rúmlega 95 þúsund krónur á mánuði en væru 165 þúsund krónur hefðu þau fylgt launaþróun í landinu. Fyrir nokkrum árum sáu stjórnvöld ástæðu til að fella niður 7% hátekjuskatt og léttu með því sköttum af þeim sem mestar tekjurnar hafa. Nú er komið að því að lækka skatta sérstaklega á láglaunafólkinu.

Að skattleggja lægstu laun eins og nú er gert er óhæfa og því verður að breyta. Þar dugar ekki að hækka skattleysismörkin um nokkur þúsund krónur heldur verða þau að hækka verulega meira þannig að þau verði aldrei lægri en lægstu verkafólks innan Starfsgreinasambands Íslands. Benda má á að talið er að eðlilegur framfærslukostnaður sé nú um 170 krónur á mánuði.

Verður álverið stækkað ?

Í byrjun október sl. hóf starfsfólk í ÍSAL og verktakar iðnfyrirtækja í Hafnarfirði undirskriftasöfnun um heimild fyrir stækkun á álverinu í Straumsvík. Á undirskriftalistum sem liggja frammi er eftirfarandi fyrirsögn:

Við undirritaðir atkvæðisbærir Hafnfirðingar samþykkjum með undirskrift okkar að fara þess á leit við bæjarstjórn Hafnarfjarðar, að eins fljótt og auðið er verði efnt til atkvæðagreiðslu að nýju um deiliskipulag fyrir stækkun álversins í Straumsvík.

Fundur í kjaranefnd á ársfundi ASÍ

Björn Sverrisson stjórnarmaður í Hlíf, Kolbeinn Gunnarsson formaður Hlífar og Ragnar Árnasson stjórnarmaður á ársfundi ASÍ

Almennur vinnumarkaður 2009

Launa-flokkur	Byrjunarlaun	Eftir 1 ár	Eftir 3 ár	Eftir 5 ár	Eftir 7 ár
1	151,252	152,817	154,405	156,017	157,653
2	152,817	154,405	156,017	157,653	159,314
3	154,405	156,017	157,653	159,314	161,000
4	156,017	157,653	159,314	161,000	162,711
5	157,653	159,314	161,000	162,711	164,448
6	159,314	161,000	162,711	164,448	166,211
7	161,000	162,711	164,448	166,211	168,000
8	162,711	164,448	166,211	168,000	169,816
9	164,448	166,211	168,000	169,816	171,659
10	166,211	168,000	169,816	171,659	173,530
11	168,000	169,816	171,659	173,530	175,428
12	169,816	171,659	173,530	175,428	177,356
13	171,659	173,530	175,428	177,356	179,312
14	173,530	175,428	177,356	179,312	181,298
15	175,428	177,356	179,312	181,298	183,314
16	177,356	179,312	181,298	183,314	185,359
17	179,312	181,298	183,314	185,359	187,436
18	181,298	183,314	185,359	187,436	189,543
19	183,314	185,359	187,436	189,543	191,682
20	185,359	187,436	189,543	191,682	193,854
21	187,436	189,543	191,682	193,854	196,058
22	189,543	191,682	193,854	196,058	198,295
23	191,682	193,854	196,058	198,295	200,565
24	193,854	196,058	198,295	200,565	202,870
25	196,058	198,295	200,565	202,870	205,209

- Starfsaldur miðast við starfsreynslu í starfsgrein en 7 ára starfsaldur við starf hjá sama atvinnurekenda.
- Við mat á starfsaldri telst 22 ára aldur jafngilda eins árs starfi í starfsgrein
- Dagvinna er fundin út með því að deila í mánaðarlaun með 173,33
- Yfirvinnuálag er 80% til viðbótar dagvinnu.

Gildir frá 1. janúar 2009

Ársfundur Alþýðusambands Íslands
Ársfundur ASÍ var haldinn á Hilton hótelinu við Suðurlandsbraut dagana 23. og 24. október 2008. Hlíf átti þar eftirtalda 7 fulltrúa:

Aðalmenn:
Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar
Linda Baldursdóttir, varaformaður
Erla Óskarsdóttir, ritari
Ragnar Árnason, meðstjórnandi
Sigríður Þorleifsdóttir, meðstjórnandi
Björn Sverrisson, meðstjórnandi
Guðbjörg Skúladóttir, meðstjórnandi

Varamenn:
Halldóra M. Árnadóttir
Ólafur Pétursson
Ingibjörg Harðardóttir
Pétur Freyr Ragnarsson
Elvar Aron Sigurðsson
Sigurður T. Sigurðsson
Reynir Albertsson

Barnabætur

Dregið verður umtalsvert úr tekjuskerðingum barnabóta. Á árinu 2008 hækka þau mörk þegar tekjur byrja að skerða barnabætur í 120 þúsund krónur mánaðartekjur hjá einstæðu foreldri og í 240 þúsund krónur hjá hjónum. Að auki lækka skerðingarprósentur vegna annars og þriðja barns um 1% stig. Í byrjun árs 2009 hækka tekjuskerðingarmörkin hjá einstæðu foreldri í 150 þúsund krónur og hjá hjónum í 300 þúsund.

Starfsfólk sem vinnur hjá ríki og ríkisstofnunum.

FLÓAMENNT

Þróunar og símenntunarsjóður Eflingar, Verkalýðsfélagsins Hlífar, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og ríkisins, endurhæfingarmiðstöðva, dvalar- og hjúkrunarheimila.

Úthlutunarreglur einstaklingsstyrkja

Sjóðnum er ætlað að styrkja félagsmenn Hlífar, Eflingar-stéttarfélags og VSFK við að sækja sér menntun sem í boði er á almennum fræðslumarkaði.

1. Félagsmaður sem unnið hefur í a.m.k. 6 mánuði af síðustu 12 og greitt félagsgjöld á þeim tíma, á rétt á stuðningi til símenntunar/starfsnáms. Greitt er hlutfallslega fyrir fólk í hlutastörfum.

2. Við ákvörðun upphæðar styrkja er miðað við greidd félagsgjöld síðustu 12 mánaða. Félagsgjald af lágmarkslaunum í 100% starfi eða hærra gefur fulla styrkupphæð.

3. Styrkir eru greiddir eftir að námi/námskeiði er lokið. Fylla þarf út umsóknareyðublað, skila frumriti reiknings og staðfestingu um að námi sé lokið til Hlífar.

4. Áunnin réttindi félagsmanna haldast óbreytt þrátt fyrir flutning milli starfssviða Flóabandalagsins. Einnig eru samningar um réttindaflutning milli allra sjóða innan Starfsgreinasambandsins og V.R.

5. Sá sem hverfur frá vinnu vegna veikinda, heimilisástæðna eða af öðrum gildum ástæðum heldur rétti sínum til styrks í allt að 24 mánuði, enda komi starfsmaður aftur til starfa eftir starfshlé. Starfsmaður sem lætur af störfum vegna aldurs heldur áunnum réttindum í 24 mánuði eftir starfslok.

6. Foreldrar í fæðingar- eða foreldraorlofi og atvinnulausir félagsmenn geta nýtt sér áunnin rétt skv. 1. gr. ef þeir velja að greiða félagsgjöld á tímabilinu.

7. Félagsmenn sem ekki hafa íslensku sem móðurmál geta sótt um styrk vegna íslenskukennslu eftir að hafa greitt til félagsins í 1 mánuð.

-Ekki mega líða meira en 12 mánuðir frá því að námi lýkur þar til að sótt er um endurgreiðslu.

-Tekið er við umsóknum til og með 20. hvers mánaðar og greitt er út fyrsta virka dag í mánuði.

-Greitt er inn á bankareikning viðkomandi.

Upphæð endurgreiðslustyrkja er að hámarki kr. 60.000 á ári til einstaklings, nema greiðsla vegna aukinna ökuréttinda, sem er kr. 100.000.

* Almennt nám er styrkt að hámarki sem nemur 75% af reikningi.
* Ef nám telst starfstengt er greitt allt að 90%
* Íslenskunám fyrir útlendinga er styrkt 90%.
* Tómstundanám er styrkt að hámarki 18.000 og aldrei meira en 50% af reikningi.
* Félagsmenn sem eru lesblindir eða eiga við lestrar- og ritörðuleika að stríða geta sótt um styrk að hámarki sem nemur 75% af reikningi vegna kaupa á hjálpartækjum til stuðnings við lestur eða skrift.
* Veittir eru styrkir til náms og kynnisferða að hámarki 30.000 kr. fyrst eftir þriggja ára samfellda félagsaðild síðan á þriggja ára fresti.

Umsóknareyðublað er hægt að nálgast hjá Hlíf , Reykjavíkurvegi 64, sími 5550944 - www.hlif.is

Gylfi og Ingibjörg fagna

Nýr forseti Alþýðusambands Íslands

Á ársfundi ASÍ sem fram fór 23. og 24. október sl. var Gylfi Arnbjörnsson kosin forseti sambandsins til næstu 2ja ára. Kosið var á milli Gylfa og Ingibjargar R. Guðmundsdóttir.

Frá ársfundi ASÍ 2003

Gylfi Arnbjörnsson hlaut 166 atkvæði eða 59% og er því réttkjörinn forseti ASÍ til næstu tveggja ára. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir hlaut 114 atkvæði eða 41%. Atkvæði greiddu 283, þar af skiluðu 6 auðu. Nýr forseti Alþýðusambands Íslands var hylltur af ársfundarfulltrúum þegar niðurstaðan var kynnt á tólfta tímanum. Gylfi tekur við forsetaembættinu af Grétari Þorsteinssyni sem lætur nú af því starfi eftir 12 ára farsæla setu á forsetastóli.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir tilkynnti, eftir að niðurstaða forsetakjörs lá fyrir, að hún ætlaði að sitja áfram sem varaforseti sambandsins, en Ingibjörg á ár eftir af sínu kjörtímabili.

Gylfi Arnbjörnsson hefur verið framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins síðan 2001 og Ingibjörg er formaður Landsambands verslunarmanna og varaforseti sambandsins í 13 ár.

Í tilefni af kjöri nýs forseta Alþýðusambands Íslands er ekki úr vegi að telja upp þá sem áður hafa gengt því starfi.

Ottó N. Þorláksson 1916 – 1916

Jón Baldvinsson 1916 – 1938

Stefán J. Stefánsson 1938 – 1940

Sigurjón Á. Ólafsson 1940 – 1942

Guðgeir Jónsson 1942 – 1944

Hermann Guðmundsson 1944 – 1948

Helgi Hannesson 1948 – 1954

Hannibal Valdimarsson 1954 - 1971

Björn Jónsson 1971 – 1973

Snorri Jónsson 1973 – 1974

Björn Jónsson 1974 – 1978

Snorri Jónsson 1978 – 1980

Ásmundur Stefánsson 1980 – 1992

Benedikt Davíðsson 1992 – 1996

Grétar Þorsteinsson 1996 – 2008

Gylfi Arnbjörnsson 2008 -

Allt viðhald fasteigna

TRÉSMIÐJAN OKKAR EHF.

Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði, s: 8944024

Fyrir síðustu alþingiskosningar var mikið rætt um laun og hvort launamunur hérlendis hefði aukist. Í þeim umræðum komu fram fullyrðingar þáverandi stjórnarþingmanna og ráðherra að kaup verkafólks og annara láglaunamanna hefði hækkað jafnt á við önnur laun í landinu. Þetta var fullyrt þrátt fyrir að til væru gögn sem sönnuðu hið gagnstæða, m.a. upplýsingar um ofurlaun bankastjóra og fjölda annara bæði í fjármálaheiminum og annars staðar. Sömu aðilar héldu því einnig fram að skattar hefðu lækkað á láglaunafólki jafnt á við þær skattalækkanir sem hátekjufólkið fékk, þegar 7% hátekjuskattur var lagður niður og tekjuskattur lækkaður um 4 prósentustig. Þetta voru og eru rangar fullyrðingar sagðar til að réttlæta óeðlilegan launamun í landinu. Algeng laun verkafólks í dag eru 145 þúsund krónur á mánuði. Við skulum bera þau saman við laun alþingismanna og nokkurra embættismanna ríkisins.

Aukinn launamunur

Mánaðarlaun nokkurra embættismanna ríkisins á árinu 2008

Forseti Hæstaréttar	kr.	862.206	+ 47 einingar	kr.	290.037	Samt. kr.	1.152.243
Hæstaréttardómarar	kr.	806.228	+ 38 einingar	kr.	234.498	Samt. kr.	1.040.726
Ríkissaksóknari	kr.	806.228	+ 38 einingar	kr.	234.498	Samt. kr.	1.040.726
Ríkissáttasemjari	kr.	806.228	+ 34 einingar	kr.	209.814	Samt. kr.	1.016.042
Ríkisendurskoðandi	kr.	862.206	+ 28 einingar	kr.	172.788	Samt. kr.	1.034.994
Biskup Íslands	kr.	753.972	+ 27 einingar	kr.	166.617	Samt. kr.	920.589
Dómstj. í Rvk.	kr.	705.191	+ 47 einingar	kr.	290.037	Samt. kr.	995.228
Aðrir dómstjórar	kr.	659.653	+ 38 einingar	kr.	234.498	Samt. kr.	894.151
Héraðsdómarar	kr.	638.032	+ 28 einingar	kr.	172.788	Samt. kr.	810.820
Umboðsmaður barna	kr.	617.143	+ 13 einingar	kr.	80.223	Samt. kr.	697.366

Fyrir jólin fá embættismenn ríkisins desemberuppbót sem nemur 14 einingum, kr. 86.394
Hver eining er kr. 6.171

Mánaðarlaun þingmanna og ráðherra á árinu 2008

Forsætisráðherra	kr. 1.098.208.
Aðrir ráðherrar	kr. 992.512.
Alþingismenn	kr. 562.020

Forseti Alþingis nýtur sömu launa og ráðherrar, sem er kr. 992.512 á mánuði. Varaforsetar fá 15% álag á þingfararkaupið, sem hækkar mánaðarlaun þeirra úr
kr. 562.020 í kr. 646.323 á mánuði.
Alþingismenn sem eru formenn stjórnmálaflokka, sem hlotið hafa a.m.k. þrjá þingmenn kjörna, og eru ekki jafnframt ráðherrar, fá greitt 50% álag á þingfararkaupið eða kr. 281.010. Þessi viðbót hækkar laun þeirra í kr. 843.030 á mánuði.
Formenn þingnefnda og þingflokka fá greitt 15% álag á þingfararkaupið, sem hækkar mánaðarlaunin um kr. 84.303. Ennfremur er heimillt að greiða formönnum sérnefnda, svo og varaformönnum fastanefnda, sambærilegt álag.

Til viðbótar þessum launum koma svo margskonar styrkir, fríðindi og önnur laun, s.s. húsnæðis- og dvalarkostnaður kr 90.700, álag á húsnæðis- og dvalarkostnað kr. 36.280, kostnaður vegna aksturs kr. 30.233, ferðakostnaðar í kjördæmum kr. 61.400, starfskostnaður kr. 66.400 og endurgreiðslur af ýmsu tagi.
Til þess að létta þingmönnum störfin er þeim heimilt að ráða sér aðstoðarmann og skulu laun til hans fylgja þingfararkaupi hverju sinni eftir nánari reglum forsætisnefndar Alþingis.
Eins og hér kemur fram er mikill munur á kaupi og kjörum þingmanna og hins venjulega verkamanns. Eru það þessi góðu laun og ríkulegu styrkir sem valda tregðu þingmanna til að hækka skattleysismörkin þannig að útborguð laun verkafólks dugi fyrir brýnustu nauðsynjum. Hvernig væri að láta þingmennina sitja við sama borð með kaup og kjör og fólkið sem vinnur framleiðslu- og þjónustustörfin í landinu ? Væri það gert er ég þess full viss að þeir samþykktu strax verulega hækkun á skattleysismörkunum.

Starfsfólk sem vinnur hjá Hafnarfjarðarbæ, Garðabæ og sveitarfélaginu Álftanesi.

Fræðslusjóður Hlífar

Sjóðurinn er eign Verkalýðsfélagsins Hlífar og er ætlað að styrkja þá félagsmenn sem sækja sér menntun á almennum fræðslumarkaði og starfa hjá sveitafélögum eða stofnunum sem styrktar eru af þeim og eru á félagssvæði Hlífar sem samkvæmt lögum félagsins er Hafnarfjörður, Garðabær og Álftanes.

Almennt um skilyrði fyrir umsókn vegna einstaklingsstyrkja og upphæðir:

- Félagsmaður sem unnið hefur samfellt síðastliðna 12 mánuði og greitt hefur verið af til félagsins á þeim tíma á rétt á styrk til náms.
- Iðgjald til félagsins að upphæð 14.800 kr. á ári (m.v. jan 2007) eða meira jafngildir 100% starfshlutfalli. Viðmiðunarupphæð tekur sömu hækkunum og kjarasamningsbundnar hækkanir.
- Greitt er hlutfallslega fyrir fólk í hlutastörfum, bæði hvað varðar hámarks upphæð á ári og kostnaðarhlutfall.
- Ljúka skal náminu, skila frumriti reiknings og viðurkenningu frá viðkomandi skóla á námsframvindu.
- Félagsmaður sem hverfur frá vinnu vegna fæðingarorlofs, veikinda, heimilisaðstæðna eða af öðrum gildum ástæðum skal halda réttindum í sjóðnum í allt að sex mánuði eða eins og þau voru við starfslok hverfi hann aftur til sinna fyrri starfa.
- Styrkur til hvers félagsmanns skal samanlagt aldrei vera hærri en kr. 44.000,- á hverju almanaksári.

Hlutfall styrks af heildarkostnaði skal að öllu jöfnu fara eftir samhengi starfs viðkomandi og þess náms sem sótt er um styrk fyrir, ásamt því að taka tillit til aðkomu þeirrar stofnunar sem félagsmaður starfar hjá. Ef um er að ræða starfsmann leikskóla skal yfirmaður staðfesta stefnu leikskólans svo unnt sé að leggja mat á hvort um er að ræða starfstengt nám/námskeið. Við slíkt mat skal hafa eftirfarandi til grundvallar:

1. Þegar um er að ræða nám sem félagsmaður ákveður að taka að eigin frumkvæði og er í beinu samhengi við starf hans er sjóðnum heimilt að styrkja viðkomandi um allt að 90% af kostnaði við námið.
2. Ef um er að ræða almennt og viðurkennt nám sem leggja má til grundvallar undir annað starfstengt nám s.s. nám við öldungadeild eða viðurkennda fræðslustofnun (tungumálanám, tölvunám eða annað almennt nám) og líta má á sem „annað tækifæri". Vegna slíks undirbúningsnáms er sjóðnum heimilt að styrkja viðkomandi um allt að 75% af kostnaði við námið. Hámarksstyrkur samkvæmt þessum lið getur mest orðið kr. 44.000.-.
3. Félagsmaður á rétt á styrk vegna meiraprófs nýtist það honum áfram í því stafi sem hann gegnir samkvæmt reglugerð þessari. Hámarks styrkur er kr. 100.000,-.
4. Annað nám en sem fellur ekki undir ofangreint nám er sjóðnum heimilt að styrkja um allt að kr. 15.000,- á ári en þó ekki fyrir hærri upphæð en sem nemur 50% af kostnaði.

Styrkir til ráðstefna/námstefna og kynnisferða innanlands og erlendis.
Eftir þriggja ára samfellt starf getur félagsmaður sótt um styrk vegna náms- og/eða kynnisferða til sjóðsins. Styrkurinn er allt að kr. 25.000.- fyrir hvern félagsmann þriðja hvert ár. Til þess að styrkur sé veittur skal dagskrá liggja fyrir um ferðatilhögun sem staðfest er af yfirmanni viðkomandi stofnunar, ásamt greiðslukvittun fyrir flugfarseðli, hótelkostnaði og/eða kostnaði vegna ráð/námstefnu. Að ferð lokinni skal skila til sjóðsins greinargerð um ferðina.

Styrkir vegna Íslenskunáms
Félagsmenn sem hafa annað móðurmál en íslensku geta sótt um allt að 90% endurgreiðslu vegna íslenskunáms. Þeir sem staðist hafa stöðupróf í íslensku eða hafa sótt 150 stundir eða meir eiga rétt á 75% styrk.

Gildir frá 1. janúar 2007.

Samþykkt á stjórnarfundi Vlf. Hlífar
þann 30. mars 2006.

Staða mála í dag

Kolbeinn Gunnarsson

Undanfarnar vikur hafa verið mjög óvenjulegar og erfiðar fyrir flest okkar vegna þeirrar fjármálakreppu sem skapast hefur í landinu eftir að bankarnir þrír fóru í greiðslustöðvun. Áhrifin hafa komið einna verst við það fólk sem hefur verið að leggja til hliða til efri áranna og verið að hugsa til að eiga áhyggulaust ævikvöld. Einnig hefur það bitnað á þeim sem hafa verið að reyna að eignast sitt eigið húsnæði með því að taka verðtryggð lán eða erlend lán með tryggingu í mynnt körfu lánum.

Gengi krónunnar hefur verið að falla undanfarin misseri og er nú gengisvísitalan um 230 stig en væri í eðlilegu árferði um 130 stig. Spáð er að hún verði 170 stig árið 2009 og 160 stig árið 2010.

Verðbólgan hefur verið að hækka verulega og var í október sl. um 16% og er hagdeild ASÍ að reikna með að hún verði um 20 % í upphafi næsta árs og fari síðan hratt niður. Áætlað er að verðbólgan verði komin í 2,5% undir lok 2009.

Kaupmáttur hefur rýrnað um 5% síðustu mánuði vegna mikillar verðbólgu. Reikna má með töluverðri kjaraskerðinu á næstu mánuðum. Það mun taka þjóðina langan tíma að vinna sig út úr þessari stöðu sem við erum komin í eða allt fram á árið 2010 þegar hagkerfið tekur við sér á ný. Vonandi birtir eitthvað til á næstunni þegar við fáum lánið frá alþjóðasamfélaginu sem er nú í burðaliðnum.

Stjórnvöld þurfa að taka á málum heimilanna og gefa fólki möguleika á að frysta greiðslur af húsnæðislánum í nokkurn tíma meðan mesti vandinn er að ganga hér yfir. Tryggja þarf flæði gjaldeyris til landsins svo þjóðin lendi ekki í verulegum vöruskorti til lengri tíma. Tryggja verður rekstur fyrirtækja og stefna að fullvinnslu á sjáfarafurðum, landbúnaðarvörum og álframleiðslu í stað þess að flytja vörurnar óunnar út úr landinu og fjölga þarf störfum, m.a. með því að stækka álverið í Straumsvík, reisa vatnsverksmiðju og netþjónabú. Styðja verður við bakið á sprotafyrirtækjum og annari nýrri atvinnuskapandi starfsemi. Allir þurfa að leggjast á eitt við að byggja upp ný atvinnutækifæri fyrir okkur og afkomendur okkar um komandi framtíð. Ég hvet félagsmenn og aðra landsmenn til að taka höndum samann og vinna sameiginlega að breyttu nýju samfélagi. Aðilar nýti þá fræðslu og námskeið sem verða í boði af verkalýðshreyfingunni og öðrum aðilum á næstunni.

Að lokum vil ég lýsa þeirri skoðun minni að það verði að draga þá aðila til ábyrðar sem með græðgi sinni eða kunnáttuleysi í fjármálum komu okkur í þau vandamál sem við erum nú í.

Það þarf að stokka upp í stjórn landsins og efna til kostninga á næsta ári, helst strax í vor.

Óska öllum félagsmönnum og öðrum landsmönnum bjartari framtíð.

Kolbeinn Gunnarsson,
formaður Hlífar

Jólaþorpið í Hafnarfirði

JÓLAÞORPIÐ Í HAFNARFIRÐI ER OPIÐ ALLAR HELGAR TIL JÓLA KL. 13 – 18 OG Á ÞORLÁKSMESSU KL. 18 – 22

Jólamarkaður
Fjölbreytt skemmtidagskrá – Landsþekktir listamenn
Úti-jólaböll um hverja helgi
Óþekkir jólasveinar, Grýla og ýmsir óvæntir gestir

Nánari upplýsingar, myndir o. fl. á www.hafnarfjordur.is

Sláumst í Jólaþorpinu!

1908 2008
Hafnarfjörður hundrað ára

Lægstu laun

Mikil verðbólga og stöðugar verðhækkanir á vöru og þjónustu og sinnuleysi stjórnvalda gagnvart þeim áhrifum sem það hefur á lægst launaða fólkið í landinu, hafa orðið þess valdandi að alveg vonlaust er að 145 þúsund króna mánaðarlaun duga fyrir lágmarks framfærslu. Þegar búið er að taka skatta og skyldur af þeirri upphæð eru einungis eftir rúmlega 123 þúsund krónur sem duga eiga til framfærslu í heilan mánuð.

Strax í febrúar sl. þegar verkalýðsfélögin sömdu um 145 þúsund króna mánaðarlaun var ljóst að þau voru allt of lág og dygðu ekki til framfærslu einstaklings. Þrátt fyrir það samþykkti verkafólk þessi hungurlaun í trausti þess að fullyrðingar forsætisráðherra, um að allt væri í stakasta lagi í efnahagsmálum þjóðarinnar, væru sannar en ekki óábyrgt gaspur. Nú rúmlega hálfu ári síðar verður fólkið að bíta úr nálinni með það að hafa trúað orðum ráðherrans. Fjárhagslega er það verr statt en nokkru sinni fyrr og víðs fjarri því að geta séð sér og sínum farborða af dagvinnulaunum einum saman.

Í neyslukönnun, sem Hagstofa Íslands gerði í lok ársins 2007, kom fram að heildarútgjöld einhleypings á árinu 2007 væru tæplega 210 þúsund krónur á mánuði. Í þeirri miklu verðbólgu og verðhækkunum sem orðið hafa síðan er þessi upphæð orðin verulega hærri.

Að skattleggja laun, sem eru það lág að þau eru langt fyrir neðan raunverulegan framfærslukostnað, er stjórnvöldum til skammar og því eru fyrirhugaðar skattalækkanir langt frá því að vera nægjanlegar til þess að láglaunafólk geti lifað eðlilegu lífi af þeim. Eins og ætíð áður þá hygla þingmenn og ráðherrar sjálfum sér og tekjuhæsta fólkinu í þjóðfélaginu en láglaunafólkið má éta það sem úti frýs.

Í yfirlýsingu frá stjórnvöldum 17. febrúar 2008 segir að það sé markmið ríkisstjórnarinnar að: "persónuafsláttur hækki um 7 þúsund krónur á næstu þremur árum, umfram almenna verðuppfærslu. Árið 2009 hækkar hann um 2.000 krónur, árið 2010 um 2.000 krónur og árið 2011 um 3.000 krónur."

Samkvæmt þessu munu skattleysismörk því hækka um næstu áramót en alls ekki nóg. Þau eru núna kr, 95.280 á mánuði en fara að öllum líkindum upp í kr.114.000 í janúar 2009 ef ríkisstjórnin stendur við fyrrgreind loforð sín. Þó svo að hún efni loforðið þá er hinn blákaldi veruleiki samt sá að lágmarkslaun verkafólks eru langt undir framfærslukostnaði og slík laun á ekki að skattleggja.

VINNUMIÐLUN
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
Engjateigi 11, 105 Reykjavík, sími 515 4850
fax: 5882587, netfang: vinnumidlun.hb@svm.is
****
Vinnumiðlun, ráðgjöf og atvinnuleysisskráning fyrir íbúa í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi, Garðabæ, Kópavogi og Kjós.
****
Afgreiðslutími alla virka daga frá kl. 9-15:30
Einnig eru veittar upplýsingar í síma.

GILDI
lífeyrissjóður

Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík

Sími 515 4700
Fax 5154701

gildi@gildi.is
www.gildi.is

Gildi var valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi þrjú ár í röð, 2005, 2006 og 2007 af tímaritinu IPE

Almennur vinnumarkaður

Úthlutunarreglur í gildi frá 10. jan. 2008

1. Félagsmaður í Verkalýðsfélaginu Hlíf, Eflingu-stéttarfélagi eða Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis, sem unnið hefur samfellt síðustu 6 mánuði og greitt félagsgjöld á þeim tíma, á rétt á stuðningi til símenntunar og/eða starfsnáms. Greitt er hlutfallslega fyrir fólk í hlutastörfum.

2. Við ákvörðun upphæðar styrkja er miðað við greidd félagsjöld síðustu 12 mánaða. Félagsgjald af lágmarkslaunum í 100% starfi eða hærra gefur fulla styrkupphæð.

3. Styrkir eru greiddir eftir að námi/námskeiði er lokið eða í lok annar. Fylla þarf út umsóknareyðublað og skila frumriti reiknings á skrifstofu viðkomandi stéttarfélags og staðfestingu á að námi eða námsáfanga sé lokið. Umsókn þarf að berast viðkomandi stéttarfélagi innan 12 mánaða frá því að námi/námskeiði lauk.

4. Áunnin réttindi félagsmanna innan Starfsafls og/eða Landsmenntar eða VR haldast óbreytt þrátt fyrir flutning á milli sjóða, samkvæmt nánari reglum.

5. Sá sem hverfur frá vinnu vegna veikinda, heimilisástæðna eða af öðrum gildum ástæðum heldur rétti sínum til styrks í allt að 24 mánuði. Að 24 mánuðum liðnum, frá því hann hvarf af vinnumarkaði, fellur réttur hans niður. Starfsmaður sem lætur af störfum vegna aldurs heldur áunnum réttindum sínum í 24 mánuði.

6. Foreldrar í fæðingar- eða foreldraorlofi geta nýtt sér áunnin rétt skv. 1. gr. ef þau velja að greiða stéttarfélagsgjöld á meðan á orlofi stendur.

7. Félagsmenn í atvinnuleit halda áunnum rétti sínum eins og hann var við starfslok ef þeir velja að greiða stéttarfélagsgjöld af atvinnuleysisbótum.

Upphæðir endurgreiðslu

* Hámarksgreiðsla á ári er kr. 60.000, - fyrir almennt nám og lífsleikninámskeið samanlagt. Nýjung frá 1. jan. 2008 er að nám til almennra ökuréttinda er styrkt. Einnig eru styrkt kaup á hjálpartækjum vegna lesblindu, t.d. tölvuforrit.
* Námskeið sem falla undir lífsleikni eru styrkt að hámarki kr. 15.000,- á ári.
* Félagsmenn eiga rétt á styrk vegna meiraprófs að upphæð kr. 100.000,-
* Félagsmenn sem ekki hafa íslensku sem móðurmál geta sótt um endurgreiðslu vegna íslenskukennslu eftir að hafa greitt til félagsins í 1 mánuð.
* Starfstengt réttindanám. Félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár eiga rétt á allt að kr. 132.000,- fyrir eitt samfellt námskeið samkvæmt nánari reglum sjóðsins.

Aldrei er greitt meira en 75% af kostnaði við starfstengt og almennt nám og 50% af tómstundanámi.

Skólafélags-/nemendafélagsgjöld og bókakostnaður er ekki endurgreitt.

Umsóknareyðublað er hægt að nálgast hjá aðildarfélögum eða á skrifstofu Starfsafls.

Tekið er við umsóknum til og með 20. hvers mánaðar og greitt út fyrsta virka dag í mánuði.
Greitt er inn á bankareikning viðkomandi.

Misjafn lífeyrir

Eitt af því sem komið hefur fram í fréttum í sambandi við greiðsluþrot bankanna er að almennu lífeyrissjóðirnir verði fyrir það miklu fjárhagslegu tjóni, að skerða verði elli- og örorkugreiðslur til sjóðsfélaga um 10% til 15%, jafnvel meira. Komi til slíkrar skerðingar mun það hafa veruleg áhrif á fjárhag þeirra sem fá greitt úr sjóðunum, sérstaklega það fólk sem er með hlutfallslega lélegustu lífeyrisréttindin. Munurinn á lífeyri fólks hérlendis er ótrúlega mikill. Minnst fá þeir sem eingöngu hafa unnið á almennum vinnumarkaði, því þar eru lélegustu réttindin. Þar greiða atvinnurekendur sem svarar 8% launa í lífeyrissjóð starfsmanna sinna á meðan ríki og sveitarfélög greiða 11,5%. Að öðru jöfnu er um tæplega 44% mismun að ræða.

Neyðarástand

Eins og áður segir er fjárhagsleg staða lífeyrisþega mjög misjöfn. Sumir hafa nóg fyrir sig, en allt of margir eru með lífeyri sem hvergi nærri dugar fyrir eðlilegri framfærslu. Rándýr húsaleiga sem margt af þessu fólki verður að greiða, ásamt síhækkandi vöru- og þjónustuverði, veldur því að það á ekki ofan í sig að éta og verður að láta sig vanta brýnustu lífsnauðsynjar síðustu viku hvers mánaðar. Komi nú til viðbótar skerðing á aumum lífeyri þessa fólks mun skapast algjört neyðarástand hjá flestum þeirra. Og ekki er það til að bæta ástandið að lífeyrir, sem ekki dugar til framfærslu einstaklings, er skattlagður með sömu skattprósentu og ráðherralaun, þ.e.a.s. 35,72%. Sú mikla mismunun sem er á lífeyri fólksins í landinu er þjóðinni til skammar, ekki síst sú ófyrirleitni stjórnvalda að leggja tekjuskatt á lífeyri sem sannanlega er langt undir því sem viðkomandi ráðherrar mundu sætta sig við. Sem dæmi um þessa skattlagningu má nefna að af 125 þúsund króna lífeyri á mánuði tekur ríkið til sín um 11 þúsund krónur.

Úrbóta er þörf

Sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hækka skattleysismörkin úr 95 þúsund krónum á mánuði í 112 þúsund krónur þann 1. janúar 2009 er langt frá því að vera nóg skattalækkun fyrir þetta fólk og ekki annað en lítill áfangi á lengri leið. Takmark stjórnvalda hlýtur að vera það að lífeyrir sem ekki dugar til framfærslu verði skattlaus. Ég bendi á að eðlilegur framfærslukostnaður einstaklings í dag er talinn vera um 170 þúsund krónur á mánuði, en það er upphæð sem er langt fyrir ofan lífeyri hins almenna launamanns. Við hljótum að krefjast þess að allir lífeyrisþegar, en ekki bara sumir, fái tækifæri til að lifa mannsæmandi lífi og þurfi ekki að líða skort eins og nú er því miður staðreynd með þúsundir þeirra. Það hlýtur að vera mörgum umhugsunarefni hve mikill munur er á lífeyrisréttindum verkafólks annars vegar og þingmanna og ráðherra hins vegar, en þeir síðast nefndu hækka jafnvel í launum við það eitt að komast á eftirlaun. Og það er þingmönnum til skammar að ætla sjálfum sér og útvöldum embættismönnum ríkuleg eftirlaun en skera við neglur sér lífeyri þeirra sem afla gjaldeyris og vinna hörðum höndum við framleiðslu- og þjónustustörfin í þjóðfélaginu.

Það sem þarf að gera

Til að útrýma núverandi fátækt og umkomuleysi hjá þúsundum lífeyrisþega þarf að jafna lífeyrisréttindin og tryggja að þeir sem vinna á almennum vinnumarkaði njóti ekki lakari réttinda en starfsmenn hjá ríki og sveitarfélögum. Það þarf einnig að tryggja að tekjur lífeyrisþega verði aldrei lægri en lægstu umsamin laun verkalýðsfélaga innan Starfsgreinasambands Íslands. Þá verða skattleysismörkin að hækka og fylgja jafnan þeim lágmarkslaunum sem gilda á almennum vinnumarkaði hverju sinni. Í dag eru þessi laun 145 þúsund krónur á mánuði.

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast gerið skil hið fyrsta og forðist vexti og kostnað.

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0139-26-4700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101

ENJO®
CLEAN THE WORLD

Leigjendur fórnarlömb gjaldþrota

Mikilvægt er fyrir þá sem leigja íbúðarhúsnæði að þinglýsa leigusamningum sínum. Fyrr á þessu ári leysti Íbúðalánasjóður til sín nokkrar íbúðir á Austurlandi, sem voru í eigu eignarhaldsfélags, og þar sem leigusamningarnir voru óþinglýstir, virðist sem íbúar þurfi að yfirgefa íbúðirnar með litlum fyrirvara. En það er ekki nóg bara að þinglýsa samningunum.
Það er því full ástæða til að hvetja leigjendur til að þinglýsa leigusamningum sínum. En þrátt fyrir að leigusamnignum sé þinglýst þarf einnig að fylgjast með hvort viðkomandi íbúð lendir í nauðungarsöluferli og gera þá kröfu til sýslumanns um að leigusamningurinn sé viðurkennd krafa við nauðungarsöluna - að öðrum kosti er leigjandinn upp á náð og miskunn þess er leysir íbúðina til sín á uppboðinu.
AFL hefur fyrir hönd félagsmanna sinna er leigja umræddar íbúðir leitað til Íbúðalánasjóðs og farið fram á að íbúum gefist kostur á lengri fresti en upphaflegt bréf hljóðaði upp á.

Heimild: Heimasíða AFLs Starfsgreinafélags Austurlands

ALMENNIR KJARASAMNINGAR

Lágmarkshvíld

Daglegur hvíldartími
Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum sólarhring, reikna frá byrjun vinnudags, fái starfsmaður a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld. Verði því við komið skal dagleg hvíld ná til tímabilsins milli kl. 23:00 til 06:00. Óheimilt er að skipuleggja vinnu þannig að vinnutími fari umfram 13 klst.

Frávik og frítökuréttur
Við sérstakar aðstæður, þegar bjarga þarf verðmætum, má lengja vinnulotu í allt að 16 klst. og skal þá veita 11 klst. hvíld í beinu framhaldi af vinnunni án skerðingar á rétti til fastra daglauna.
Í þeim tilvikum að sérstakar aðstæður gera það óhjákvæmilegt að víkja frá daglegum hvíldartíma gildir eftirfarandi: Séu starfsmenn sérstaklega beðnir að mæta til vinnu áður en 11 klst. hvíld er náð er heimilt að fresta hvíldinni og veita síðar, þannig að frítökuréttur, 1½ klst. (dagvinna), safnist upp fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Heimilt er að greiaa út ½ klst. (dagvinna) af frítökuréttinum óski starfsmaður þess. Í öllum tilfellum er óheimilt að skerða átta klst. samfellda hvíld. Vinni starfsmaður það lengi á undan frídegi eða helgi að ekki náist 11 stunda hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags skal fara með það á sama hátt. Komi starfsmaður til vinnu á frídegi eða helgi greiðist yfirvinnukaup fyrir unninn tíma án frekari aukagreiðslna af þessum sökum.
Framangreind ákvæði eiga þó ekki við á skipulegum vaktaskiptum en þá er heimilt að stytta hvíldartíma í allt að átta klst. Uppsafnaður frítökuréttur skv. framangreindu skal koma fram á launaseðli og veittur í hálfum og heilum dögum utan annatíma í starfsemi fyrirtækis í samráði við starfsmenn enda séu uppsafnaður frítökuréttur a.m.k. fjórar klst. Við starfslok skal ónýttur frítökuréttur starfsmanns gerður upp og teljast hluti ráðningartíma.

Vikulegur frídagur
Á hverju sjö daga tímabili skal starfsmaður hafa a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma og skal við það miðað að vikan hefjist á mánudegi.

Frestun á vikulegum frídegi
Að svo miklu leyti sem því verður við komið skal vikulegur frídagur vera á sunnudegi og að svo miklu leyti sem því verður við komið, skulu allir þeir sem starfa hjá sama fyrirtæki eða á sama fasta vinnustað, fá frí á þeim degi. Þó má fyrirtæki með samkomulagi við starfsmenn sína fresta vikulegum frídegi, þar sem sérstakar ástæður gera slík frávik nauðsynleg. Sé sérstök þörf á að skipuleggja vinnu þannig að vikulegum frídegi sé frestað skal um það gerður kjarasamningur. Má þá haga töku frídaga þannig að teknir séu tveir frídagar saman aðra hverja helgi (laugardag og sunnudag). Falli frídagar aftur á móti á virka daga vegna ófyrirséðra orsaka skerðir það ekki rétt starfsmanna til fastra launa og vaktaálags.

Hlé
Starfsmaður á rétt á a.m.k. 15 mínútna hléi ef daglegur vinnutími hans er lengri en sex klst. Kaffi- og matarhlé teljast hlé í þessu sambandi. Hvað varðar gildissvið, hvíldartíma, vinnuhlé og fleira vísast til samnings ASÍ og VSÍ frá 30. desember 1996 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma og fylgir samningi þessum sem fylgiskjal og telst hluti hans sem og samhljóða samnings ASÍ og VMS, sjá bls. 128. Framangreind ákvæði eru til fyllingar 13. gr. þess samnings.

ALMENNIR KJARASAMNINGAR

Um greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum

Starfsfólk skal á hverju 12 mánaða tímabili halda launum í slysa- og veikindaforföllum sem hér greinir:

Á fyrsta starfsári hjá sama vinnuveitanda greiðast tveir dagar á staðgengislaunum fyrir hvern unninn mánuð.

Eftir eins árs samfellt starf hjá sama vinnuveitanda greiðist einn mánuður með staðgengislaunum.

Eftir tveggja ára samfellt starf hjá sama vinnuveitanda greiðist einn mánuður með staðgengislaunum og einn mánuður á dagvinnulaunum.

Eftir þriggja ára samfellt starf hjá sama vinnuveitanda greiðist einn mánuður með staðgengislaunum og tveir mánuðir á dagvinnulaunum.

Eftir fimm ára samfellt starf hjá sama vinnuveitanda greiðist einn mánuður með staðgengislaunum, einn mánuður með fullu dagvinnukaupi (þ.e. dagvinnulaun, bónus og vaktaálög og tveir mánuðir á dagvinnulaunum.

Starfsmaður sem öðlast hefur 4 mánaða veikindarétt eftir fimm ára samfellt starf hjá sama vinnuveitanda og ræður sig innan 12 mánaða hjá öðrum vinnuveitanda heldur tveggja mánaða veikindarétti (einn mánuður á staðgengilslaunum og einn á dagvinnulaunum) enda hafi starfslok hjá fyrri vinnuveitanda verið með eðlilegum hætti og rétturinn sannreyndur. Betri rétt öðlast stafsmaður eftir þriggja ára samfellt starf hjá nýjum vinnuveitanda.

Veikindarétturinn er heildarréttur á hverju 12 mánaða tímabili án tillits til tegundar sjúkdóms.

Flutningaskipið Beauty Song við bryggju í Hafnarfirði. Áhafnirnar eru að hífa frosinn fisk á milli skipanna.

Rússnesk skip í Hafnarfjarðarhöfn

Rússneskir sjómenn taka störf frá íslenskum verkamönnum

Þegar starfsmaður Hlífar kom um borð í rússneska flutningaskipið Beauty Song að morgni dags þann 11. júní 2008 var áhöfn þess að lesta fisk úr togara sem lá utan á skipinu. Í nokkra klukkutíma sem fylgst var með skipunum var stanslaust verið að hífa pakkaðan frosin fisk úr togaranum yfir í Beauty Song.
Beiðni starfsmanns Hlífar að vinnu við fiskflutninga milli skipanna yrði hætt var ekki sinnt af íslenskum talsmanni skipanna sem kom á vettvang. Hann sagðist ekkert hafa við verkalýðsfélög að tala og var ófáanlegur til viðræðna um forgangsréttindi íslenskra verkamanna. Þegar svo talað var við hafnarstjóra taldi hann málið í eðlilegum farvegi og löndunina eðlilega og taldi enga nauðsyn að ræða við verkalýðsfélagið um málið. Því miður eru mörg önnur nýleg dæmi um að hafnarstjóri heimili erlendum skipshöfnum að gangi inn í störf sem verkamenn í Hlíf eiga forgang að.

Bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði er kunnugt um þessa vinnu sem framkvæmd er án samþykkis eða samráðs við Verkalýðsfélagið Hlíf. Þarna sniðganga bæjaryfirvöld verkalýðsfélagið og heimila útlendingum að vinna störf sem hafnfirskir verkamenn hafa unnið og eiga forgang að.

Reykjavíkurvegur 64

Þessa dagana er verið að ljúka við að klæða framhlið hússins að Reykjavíkurvegi 64. Hér er um að ræða þá hlið sem snýr út að Reykjavíkurvegi en Hlíf á efstu hæðina í húsinu.



Verðbólgan í nýjum hæðum í október og nóvember

Verðbólga mældist 15,9% í október og hefur verðlag hækkað um 2,2% frá því í septembermánuði. Þetta er mesta verðbólga sem mælst hefur hér á landi síðan vorið 1990. Búist er við 20% verðbólgu í nóvember.

Mest áhrif til hækkunar á verðlagi nú hefur hækkun á mat og drykkjarvörum um 4,3% á milli mánaða. Þar af hækkar verð á innfluttum mat- og drykkjarvörum um rúm 8%, innlendum vörum öðrum en grænmeti og búvörum um 4%, grænmeti um tæp 9% og búvörur um 1,7%. Á síðustu 12 mánuðum hefur verð á mat- og drykkjarvörum hækkað um 24,5%.

Þá hækkar verð á fötum og skóm um 4,9% frá því í septembermánuði og þar af hækkar verð á barnafötum mest eða um tæp 14%. Verð á ýmsum öðrum innfluttum vörum hækkar mikið á milli mánaða. Má þar nefna húsgögn, heimilistæki og ýmsan húsbúna sem hækka um 7,1%, varahluti og hjólbarða sem hækka um 19,6%, flugfargjöld til útlanda um 18,7% og verð á sjónvörpum, dvd-spilurum, tölvum o.fl. um 10,6%.

Af öðrum liðum vístiölunnar sem hækka á milli mánaða má nefna að hitakostnaður hækkar um 6,6% sem rekja má til hækkunar á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur fyrir heitt vatn.

Til lækkunar á vísitölunni nú kemur verðlækkun á bensíni og olíum sem lækka um 3,4% frá því í september. Þá lækkar kostnaður vegna eigin húsnæðis um 1,3% á milli mánaða sem rekja má að mestu til lækkunar á markaðsverði húsnæðis. Ef sá kostnaður er ekki hafður með væri verðbólgan 16,9%.

Alþýðusambandið hefur ítrekað á síðustu mánuðum bent á að við núverandi aðstæður er nauðsynlegt að opinberir aðilar og fyrirtæki á þeirra vegum gangi á undan með góðu fordæmi og hækki ekki gjaldskrár sínar. Slíkt er þó enn raunin. Mikil óvissa í gengismálum um þessar mundir gerir alla verðlagningu á innfluttum vörum erfiða og staðfestir enn nauðsyn þess að koma gjaldeyrisviðskiptum í eðlilegt horf. Það er brýnna nú en nokkru sinni að allir, bæði fyrirtæki og opinberir aðilar, leggist á árar og haldi aftur af verðhækkunum á vörum sínum og þjónustu til þess að koma í veg fyrir frekari hækkun verðlags á næstu mánuðum.

Enn um seðilgjöldin

NEYTENDASAMTÖKIN

Mikið hefur verið fjallað um töku seðilgjalda í fjölmiðlum síðustu daga. Eins og áður var greint frá hér á síðunni sendi starfsmaður Neytendasamtakanna erindi til eins af bönkunum vegna seðilgjalda sem honum var gert að greiða. Ekkert efnislegt svar barst frá bankanum. Í kjölfar þeirrar umfjöllunar kom viðskiptaráðherra fram í fjölmiðlum og benti fólki m.a. á að krefjast endurgreiðslu á seðilgjöldum. Jafnframt sagði hann að það væri ólöglegt að innheimta seðilgjöld án undanfarandi samnings og að vel kæmi til greina að Neytendastofa sektaði þá sem það gera. Þá ráðlagði hann fólki að leita til Neytendastofu ef fjármálafyrirtæki féllust ekki á að endurgreiða seðilgjöld.

Þegar hefur verið sent erindi til Neytendastofu vegna þessa og verður spennandi að fylgjast með afdrifum málsins. Neytendasamtökin hvetja þá sem eru ósáttir við að greiða seðilgjöld vegna innheimtu fjármálafyrirtækja á kröfum samkvæmt samningum við kröfuhafa til að senda erindi til viðkomandi fjármálafyrirtækis og krefjast niðurfellingar og endurgreiðslu. Ef ekki er fallist á það er um að gera að fara að ábendingum ráðherra og senda erindi til Neytendastofu. Tilmæli ráðherra til fjármálafyrirtækja vegna innheimtu seðilgjalda eru svohljóðandi:

1. Fjármálafyrirtæki skulu framvegis <u>ekki bjóða kröfuhöfum sem nýta sér innheimtuþjónustu þeirra að bæta seðilgjöldum eða sambærilegum fylgikröfum, sem neytendur hafa ekki átt kost á að samþykkja eða taka afstöðu til, við aðalkröfu sem greidd er á gjalddaga</u>.
2. Fjármálafyrirtækjum er óheimilt að innheimta seðilgjöld og sambærilegar fylgikröfur, sem samið hefur verið um greiðslu á við neytendur, vegna krafna sem innheimtar eru fyrir kröfuhafa á grundvelli þjónustusamnings, nema að uppfylltum neðangreindum skilyrðum:
Fjárhæð gjalds endurspegli raunkostnað við útsendingu seðla.Neytendum standi til boða raunhæfur gjaldfrjáls valkostur, svo sem að greiða með millifærslu. Haft skal til hliðsjónar að staðgreiðsla á starfsstöð fyrirtækis, ein og sér, telst ekki raunhæfur valkostur.
Neytendur fái reikning vegna viðskipta, lögum samkvæmt, á pappír eða rafrænt.
3. Fjármálafyrirtækjum ber að tryggja gott aðgengi neytenda að viðskiptaskilmálum og gjaldskrám sínum, m.a. með hliðsjón af nútímaupplýsingatækni.

Á heimasíðu Neytendasamtakanna í september 2008

Desemberuppbót 2008

Almennur kjarasamningur

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er kr. 44.100 árið 2008.

Uppbótin greiðist eigi síðar en 15. desember ár hvert, miðað við starfshlutfall og starfstíma, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi fyrstu viku í desember. Heimilt er með samkomulagi við starfsmann að uppgjörstímabil sé frá 1. desember til 30. nóvember ár hvert í stað almanaksárs.

Desemberuppbót innifelur orlof, er föst tala og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum. Áunna desemberuppbót skal gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótarinnar. Starfsmaður sem er í ráðningarsambandi við fyrirtæki en er ekki á launaskrá vegna hráefnis-skorts eða vegna veikinda í desember missir ekki rétt til desemberuppbótar og reiknast sá tími með við útreikning desemberuppbótar mæti hann til vinnu að lokinni fjarveru vegna hráefnisskorts.

Kjarasamningur við Launanefnd sveitarfélaga

Starfsmaður í fullu starfi fær greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert sem nemur 44,5% af desemberlaunum í 113. lfl. 5. þrepi, skv. framangreindri launatöflu. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 30. nóvember sama ár. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfs-hlutfall og/eða starfstíma, þó þannig að hann hafi starfað samfellt a.m.k. frá 1. september það ár. Starfsmaður sem lætur af störfum á árinu, en hafði þá starfað samfellt í a.m.k. 6 mánuði skal einnig fá greidda persónuuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall á árinu. Hlutfall skv. þessari málsgrein er reiknað sem hlutfall af fullri vinnu (100%) í 12 mánuði á almanaksárinu af síðast gildandi persónuuppbót. Framangreind persónuuppbót er með inniföldu orlofi og greiðist sjálfstætt og án tengsla við laun.

Kjarasamningur við Alcan

Starfsmaður sem í apríllok hefur unnið samfleytt hjá ISAL í eitt ár eða lengur skal fá greidda orlofsuppbót. og starfsmaður sem í nóvemberlok hefur unnið samfleytt hjá ISAL í eitt ár eða lengur skal fá greidda desemberuppbót.

Um aðra en mánaðarkaupsmenn gildir að fjárhæð þessara uppbóta skal vera 2ja vikna laun án fastrar yfirvinnu að viðbættum ferðapeningum á byrjunarlaunum 14. launaflokks og að orlofsuppbótin kemur til greiðslu í fyrstu útborgun júní og desemberuppbótin í fyrstu greiðslu desember. Starfsmenn með skemmri starfstíma og þeir sem ráðnir eru í hlutastarf fá hlutfallslegar greiðslur að undanskildum þeim sem starfa samkvæmt fylgiskjali (19) sjá lið 6.2. Starfsmenn sem unnið hafa hjá fyrirtækinu samfleytt í 20 vikur eða lengur og hætta störfum áður en til greiðslu kemur samkvæmt þessum lið skulu fá hlutfallslegar greiðslur. Desemberuppbót mánaðarkaupsmanna sem kemur til greiðslu í nóvemberlok skal nema hálfum byrjunarlaunum 14. launaflokks að viðbættum ferðapeningum frá og með árinu 2005. Frá og með árinu 2006 skal orlofsuppbót mánaðarkaupsmanna sem kemur til greiðslu í lok maí nema hálfum byrjunarlaunum 14. launaflokks að viðbættum ferðapeningum.

Samningur starfsfólks á Hrafnistu, Sólvangi og St. Jósefsspítala

Starfsmaður í fullu starfi skal fá greidda uppbót í desember ár hvert. Starfsmaður sem er við störf í fyrstu viku nóvembermánaðar skal fá greidda desemberuppbót 1. desember ár hvert miðað við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október. Desemberuppbót er föst krónutala. og tekur ekki hækkunum skv. öðrum ákvæðum kjarasamningsins. Á árinu 2008 er hún kr. 44.100 Á desemberuppbót reiknast ekki orlofsfé.

Hafi starfsmaðurinn gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall á framangreindu tímabili. Á sama hátt skal einnig starfsmaður sem látið hefur af starfi en starfað hefur samfellt í a.m.k. 3 mánuði (13 vikur) á árinu, fá greidda desemberuppbót, miðað við starfstíma og starfshlutfall. Sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða í allt að 6 mánuði vegna fæðingarorlofs.

Þeir starfsmenn sem höfðu hærri persónuuppbót fyrir gildistöku kjarasamnings þann 1. mars 2004 skulu fá greiddar kr. 52.100 hafi ráðning þeirra haldist samfelld hjá viðkomandi stofnun.

Kjarasamningur við ríkið

Starfsmaður í fullu starfi skal fá greidda persónuuppbót í desember ár hvert sem nemi. Á árinu 2008 er uppbótin kr. 44.100 Starfsmaður sem er við störf í fyrstu viku nóvembermánaðar skal fá greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert miðað við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október. Desemberuppbót er föst krónutala og tekur ekki hækkunum skv. öðrum ákvæðum kjarasamningsins. Á desemberuppbót reiknast ekki orlofsfé. Hafi starfsmaðurinn gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall á framangreindu tímabili.

Á sama hátt skal einnig starfsmaður sem látið hefur af starfi en starfað hefur samfellt í a.m.k. 3 mánuði (13 vikur) á árinu, fá greidda desemberuppbót, miðað við starfstíma og starfshlutfall. Sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða í allt að 6 mánuði vegna fæðingarorlofs.

Desemberuppbót í flatarmældri ræstingu ákvarðast af fermetrafjölda sem greiddur er tímabilið 1. janúar – 31. október þannig að 833,33 fermetrar á mánuði teljast fullt starf og færri fermetrar reiknast hlutfallslega

Bókun

Vegna ósamræmis á milli hópa í ræstingu er samkomulag um að þeir ræstitæknar sem vinna í tímamældri ákvæðisvinnu fái sérstaka jöfnunargreiðslu sem verði með eftirfarandi hætti:

Þeir ræstitæknar sem eru í vinnu í september og október og hafa skilað a.m.k. 260 tímum á tímabilinu 1. maí 2008 til 31. október (miðað við að þeir séu á launum í orlofi, en 200 tímar ella) fái uppbót sem nemi 17.000 krónum sem greidd verði út þann 1. desember 2008.

Viðmiðunartímabil fyrir skóla þar sem launatímabil er einungis níu og hálfur mánuður skal vera september og október og tímafjöldinn 130.

Greiðsla þessi verður einungis greidd einu sinni.

Afsláttarmiði í Hvalfjarðargöngin

Afsláttarmiðar í Hvalfjarðargöngin eru til sölu á skrifstofu Hlífar. Hver miði kostar kr. 500 og sparast kr. 300 í hverri ferð, því hver einstök ferð hjá Speli kostar kr. 800. Þeir sem eru með aftanívagn s.s. tjaldvagn eða fellihýsi verða að greiða kr. 200 aukalega.

Minnisverð ártöl í sögu Verkalýðsfélagsins Hlífar

1907 Hlíf er stofnuð seint í febrúarmánuði eða fyrstu dagana í mars 1907 undir nafninu Verkmannafélagið Hlíf, breyttist síðar í Verkamannafélagið Hlíf.

1907 Hlíf auglýsir kaup og kjör fyrir félagsmenn sína. Atvinnurekendur sættu sig við hækkun á launum karlanna en neituðu að samþykkja launahækkun til verkakvenna. Vegna þessarar tregðu lögðu konurnar niður vinnu. Stóð þessi fyrsta vinnustöðvum íslenskra verkakvenna sem sögur fara af aðeins í skamman tíma og endaði með fullum sigri kvennanna.

Kvenfólk við fiskþvott, hvernig sem viðraði.

1912 Sagan frá 1907 endurtekur sig. Laun karla hækka en atvinnurekendur neita að hækka laun kvennanna. Konurnar svöruðu með því að fara í verkfall, sem stóð frá 1. mars til 11. apríl en þá höfðu konurnar náð fram kröfum sínum að mestu eða öllu leyti.

1912 Hjálmur, handritað blað Hlífar, hefur göngu sína. Kom blaðið þannig út í mörg ár og var lesið upp á félagsfundum. Á árinu 1942 var blaðið endurvakið og prentað og hefur komið út síðan, þó slitrótt oft á tíðum.

Hér eru konur að stafla saltfiski.

1914 Hlíf hefur útgerð til atvinnuaukningar í Hafnarfirði í samvinnu við þrjá einstaklinga og kaupir þilskipið „Guðrúnu". Útgerð þessi stóð í tvö ár, þá seldi Hlíf hlut sinn í skipinu og keypti hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands.

1914 Hlíf tekur þátt í bæjarstjórnarkosningum og fær fulltrúa kosinn.

1916 Hlíf stofnar pöntunarfélag verkamanna í þeim tilgangi að afla félagsmönnum ódýrari vöru en seld var í verslunum. Pöntunarfélagið starfaði skamman tíma að þessu sinni en var endurreist árið 1931 og starfaði um árabil með miklum blóma og var undanfari Kaupfélags Hafnfirðinga.

1916 Kosning fer fram á tveimur fulltrúum í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Hlíf bauð fram og fékk báða fulltrúanna kosna.

1916 Til að auka atvinnu í bænum lætur Hlíf byggja fiskreita og selur þá síðan atvinnurekendum.

1923 Hlíf kemur í framkvæmd hugmynd sinni um alþýðubrauðgerð.

1923 Samþykkt á félagsfundi í Hlíf að stofnuð yrði bæjarútgerð í Hafnarfirði. Síðan eru tillögur um sama efni samþykktar á ýmsum fundum Hlífar.
Á árinu 1927 komst þessi hugmynd Hlífarmanna að nokkru í framkvæmd með útgerð bæjarins á Clementínu og 1931 verður hugmyndin síðan að veruleika þegar Bæjarútgerð Hafnarfjarðar er stofnuð.

Með tilkomu Verkamannaskýlisins 1930 gátu verkamenn við höfnina verið inni í matar- og kaffitímum en þurftu áður að híma utandyra hvernig sem viðraði.

Á fjórða áratugnum var kreppa um allan heim og mikið atvinnuleysi hérlendis. Myndin er af síldarsöltun á gömlu bryggjunni. Þar fengu færri vinnu en vildu.

1931 Hlíf nær fram kröfu þeirri sinni í samningum við atvinnurekendur að Hlífarmenn gangi fyrir allri vinnu á félagssvæðinu.

1931 Innan Hlífar er „Karlakórinn 1. maí" stofnaður og starfar um árabil með miklum blóma. 1935 er kórinn færður úr félaginu og nafni hans breytt í „Ernir" og síðan í „Þrestir", sem ennþá er starfandi þó það sé ekki í beinum tengslum við Hlíf.

1931 Stofnuð er deild vörubílstjóra og var hún innan félagsins til ársins 1955.

Hópur Hlífarmanna kemur niður á gömlu bryggjuna 16. febrúar 1939 til að stöðva löndun úr togaranum Júní, sem var að koma af veiðum.

1939 Tólf menn eru reknir úr Hlíf sem taldir voru atvinnurekendur. Þessi brottrekstur dró þann dilk á eftir sér að félagið var rekið úr Alþýðusambandi Íslands og 112 verkamenn gengu úr félaginu og stofnuðu annað félag, Verkamannafélag Hafnarfjarðar. Leiddi þetta til átaka og verkfalls, sem var svo alvarlegt að segja má að Hafnarfjörður væri í hernaðarástandi um mánaðarskeið. Eftir harða baráttu sigraði Hlíf og meðlimir klofningsfélagsins gengu aftur í Hlíf. Hlíf hafði haldið velli.

1941 Styrktarsjóður Hlífar endurvakinn og starfaði óslitið þangað til núverandi sjúkrasjóður tók við af honum 1961.

1941 Hlíf nær fram kröfu sinni um 6 daga sumarleyfi. Árið eftir nær félagið að auka dagana í 12.

1942 Hlíf semur við atvinnurekendur um 8 stunda vinnudag.

1946 Innan Hlífar er stofnuð deild fólksbifreiðastjóra, sem hlýtur nafnið „Neisti": Deildin starfaði innan Hlífar til ársins 1949 er hún gékk úr félaginu.

1949 Stofnuð er innan félagsins deild vélgæslumanna í frystihúsum.

1957 Hlíf minnist 50 ára afmælis síns á veglegan hátt. Hátíðarfundur er haldinn, afmælishóf, og gefið út glæsilegt afmælisrit.

Hafnarfjörður snemma á 6. áratugnum. Fyrir miðri mynd eru Hellyershúsin.

1961 Hlíf og önnur félög verkafólks semja við atvinnurekendur um greiðslu í sjúkrasjóði er nemi 1% af greiddum dagvinnulaunum. Þetta hefur breyst Nú greiða þeir sem svarar 1% af útborguðu kaupi.

1962 Félagsfundur í Hlíf samþykkir ályktun um nauðsyn þess að stofna verkamannasamband. Fulltrúar Hlífar fylgdu þessari ályktun eftir á næsta þingi Alþýðusambandsins með þeim árangri að tveimur árum síðar eða dagana 9. og 10. maí 1964 var Verkamannasamband Íslands stofnað.

1964 Hlíf ásamt öðrum félögum innan ASÍ gera hið fræga Júní-samkomulag við ríkisstjórnina.

1965 Hlíf ásamt öðrum verkalýðsfélögum í Hafnarfirði og Reykjavík ná fram kröfunni um styttingu vinnuvikunnar úr 48 stundum í dagvinnu í 44 stundir.

1965 Fyrsta orlofshús Hlífar er tekið í notkun um haustið 1965 en félagið hafði gert samnig um kaupin á húsinu þremur árum áður.

1967 Hlíf nær fullum sigri í baráttu við þýskan verktaka, Hochtief-Véltækni, eftir mánaðar verkfall í Straumsvík.

1968 Hlíf brýtur á bak aftur tilraun til að stofna nýtt verkalýðsfélag í Straumsvík.

1969 Hlíf er þátttakandi í samningum um stofnun lífeyrissjóða fyrir verkafólk.

1972 Í árslok 1971 hótaði verkalýðshreifingin víðtæku verkfalli ef samningar við atvinnurekendur næðust ekki. Til þess að koma í veg fyrir boðuð átök hafði þáverandi ríkisstjórn frumkvæði að því að vinnuvikan var stytt í 40 dagvinnustundir og lágmarksorlof lengt í fjórar vikur.

1977 Hermann Guðmundsson hættir sem formaður félagsins eftir langt og farsælt starf fyrir Hlíf og hafnfirskt verkafólk, en Hermann var formaður frá 1940 til 1951 og frá 1954 til 1976 en þá tók Hallgrímur Pétursson við sem formaður.

1977 Hlíf kaupir 200 ferm. húsnæði á 2. hæð húseignarinnar að Reykjavíkurvegi 64 og flytur þangað skrifstofur sínar árið eftir.

1985 Hlíf kaupir 200 ferm. verslunarhúsnæði á jarðhæð Reykjavíkurvegar 64 ásamt 200 ferm. kjallara.

1988 Hlíf bætir enn við eign sína að Reykjavíkurvegi 64 með því að kaupa um 500 ferm. efri hæð í 2. byggingaáfanga hússins á Reykjavíkurvegi 64.

1999 Verkamannafélagið Hlíf og Verkakvennafélagið Framtíðin sameinast í eitt félag undir nafninu Verkalýðsfélagið Hlíf.

Í húsi Hlífar að Flatahrauni 3 er Félag eldri borgara með aðstöðu. Efri hæðina hefur Hampiðjan á leigu fyrir skrifstofur sínar

2002 Gamall draumur Hlífarmanna um félagsheimili rættist þann 1. febrúar þegar félagið tók formlega við 1300 ferm. húsi að Flatahrauni 3, sem Byggingafélagið Mótás ehf. hafði smíðað.

2007 Hlífarmenn fagna aldarafmæli félagsins og 100 ára saga þess gefin út.

Þjóðarsátt

Óðaverðbólga og verðhækkanir undanfarna mánuði hafa gjörsamlega kippt stoðunum undan efnahag láglaunafólks. Sú kauphækkun sem verkalýðsfélögin sömdu um í samningunum síðast liðinn vetur er löngu horfin og nú stefnir í margfallt meiri kjaraskerðingu á komandi mánuðum. Núverandi kaup verkafólks dugar ekki lengur til eðlilegrar framfærslu og þúsundir lífeyrisþega eru ennþá verr settir fjárhagslega.

Kæruleysi

Það alvarlegasta í þessu máli er það hvað stjórnvöld drógu lappirnar óeðlilega lengi með aðgerðir gegn gengishruni krónunnar, vaxtaokri bankanna og ört vaxandi verðbólgu, sem á næstu mánuðum fer jafnvel upp í 25% til 30%. Miðað við þann hraða sem er á mótvægisaðgerðum stjórnvalda er engu líkara en ráðherrar og stjórnarþingmenn hafi takmarkaðan vilja til að draga úr eða stöðva þá kjaraskerðingu sem verðbólgan veldur hjá þeim sem minnst mega sín.

Nú um miðjan nóvember hafa engar bitastæðar hugmyndir komið frá ríkisstjórninni um það hvernig hún ætlar sér að bregðast við þeim gífurlega efnahagsvanda sem steðjar að þjóðinni. Þegar forsætisráðherra er spurður svarar hann aðeins "Það er ekki tímabært að skýra frá því núna".

Hvort sem ríkisstjórninni finnst tímabært að gera eitthvað eða ekki þá er það staðreynd að nú þegar eru þúsundir heimila komin á vonarvöl og grípi stjórnvöld ekki strax til aðgerða, til að draga úr verðbólgunni og styrkja gengi krónunnar, er ljóst að koma mun til fjöldagjaldþrota hjá heimilum láglaunafólks í landinu.

Þjóðarsátt

Ég get tekið undir það sjónarmið að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins reyni að ná sátt um aðgerðir til bjargar efnahag þjóðarinnar. En það verður að ganga hratt fyrir sig og sú sátt verður að vera á þeim nótum að fólki með lág laun og lágan lífeyri verði gert mögulegt að mæta þeim stórfelldu vöruverðhækkunum sem nú ganga yfir og greiða afborganir af síhækkandi verðtryggðum íbúðarlánum. Umsamin kauptrygging verkafólks í félögum innan Starfsgreinasambandsins er 145 þúsund krónur á mánuði. Það vita allir sem reynt hafa að sú upphæð dugar ekki til eðlilegrar framfærslu. Þess vegna verður að gera ráðstafanir til að bæta kjör þessa fólks en til þess að svo megi verða þarf kaupið að hækka og skattar að lækka verulega.

Það sem gera þarf:

Í fyrsta lagi verður kaup láglaunafólks og elli- og örorkulífeyrir að hækka umtalsvert.

Í öðru lagi verða skattleysismörk tekjuskatts að hækka og vera ekki lægri en 120 þúsund krónur á mánuði um næstu áramót og hækka síðan í áföngum á næstu þremur árum þannig, að 1. janúar 2012 verði þau jafnhá þeirri dagvinnutekjutryggingu sem þá gildir fyrir launafólk innan Starfsgreinasambands Íslands. Eftir það verði skattleysismörkin látin fylgja launaþróun í landinu.

Í þriðja lagi verður skattprósenta tekjuskatts að lækka þannig, að 15% skattur komi á fyrstu 100 þúsund króna tekjur umfram skattleysismörk.

10. nóv. 2008
Sigurður T. Sigurðsson
ritstjóri Hjálms

UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI GILDIS

Ég undirrituð/aður sæki hér með um aðild að Séreignarsjóði Gildis og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlið umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Gildis telst vera kominn á samningur milli mín sem rétthafa og Séreignarsjóðs Gildis sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (rétthafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____ % af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Gildis inn á séreignarreikning minn hjá sjóðnum.

Iðgjald sem nemur að hámarki 4% af iðgjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifi umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit er litið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Gildis í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

☐ **Framtíðarsýn 1**
Skuldabréf 65%
Hlutabréf 35%

☐ **Framtíðarsýn 2**
Skuldabréf 80%
Hlutabréf 20%

☐ **Framtíðarsýn 3**
Bundinn innlánsreikningur

Rétthafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Gildis - lífeyrissjóðs.

_____
Undirskrift umsækjanda

_____
Staður og dagsetning

_____
Undirskrift vottar og kennitala

_____
Staðfesting Séreignasjóðs Gildis

_____
Staður og dagsetning

_____
Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Gildis, Sætúni 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósrit af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.

Það þarf engin töfrabrögð til að tvöfalda lífeyrissparnaðinn!

Leggðu heldur fyrir í séreignarsjóð og þá mun launagreiðandinn greiða sömu upphæð á móti og þar með tvöfaldast sparnaðurinn þinn strax

Ef þú leggur fyrir **2% af launum þínum** í séreignarsjóð færðu sjálfkrafa jafnhátt **mótframlag frá launagreiðanda** þínum.

Hafðu samband í síma 515 4700 til að fá nánari upplýsingar.

Gildi var valinn besti lífeyrissjóðurinn
á Íslandi þrjú ár í röð, 2005, 2006 og 2007
af tímaritinu IPE

GILDI
lífeyrissjóður

EINN, TVEIR OG PRÍR 238.013

Sætúni 1, 105 Reykjavík • Sími 515 4700 • www.gildi.is - gildi@gildi.is